

**ÞETT
EINTAK**

SIRKUS ^{RVK}

31. MARS 2006 | 13. VÍKA

MÚSIKTILRAUNIR 2006
ÖLL BÖNDIN

HELGI VALUR TRÚBADOR
**HYLLIR SVARTA
MANNINN**


TARFURINN

BURT MEÐ TREFLANA, HNAKKANA, RETRÓ- OG METRÓPLEBBANA. INN MEÐ
ÍSLENSKA VÍKINGINN – BENEDIKT MAGNÚSSON JÖTUNN STÍGUR Á STOKK

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

ÞÁTTURINN TÍVOLÍ FER Í LOFTIÐ 18. APRÍL Á SJÓNVARPSSTÖÐINI SIRKUS. Í TÍLEFNI ÞESS AÐ NÚ STYTTIST ÓÐFLUGA Í ÞÁTTINN Hafa þeir tívolí menn boðið til veislu á Gauk á Stöng á laugardagskvöld. Meðal þeirra sem fram koma eru Bent og 7berg, Bæjarins Bestur og Købens Konges.

ÖLLUM BOÐIÐ Í TÍVOLÍ



TÍVOLÍ MENNI ÞORSTEINN LÁR OG LÚLLI, SVALIR SEM ÍS.

„Þetta verður þjúra gangsta shit,“ segir Þorsteinn Lár Ragnarsson einn aðalskipuleggjandi tívolí kvöldsins sem verður á Gauk á Stöng á laugardagskvöld. „Þetta er eitt besta line-up sem hefur verið hér á landi í langan tíma. Þarna verður úrvals skemmtun. Þeir sem fram koma eru Bent og 7berg, Bæjarins bestu, XXXR klíkan, Købens konges og svo Tívolí menn sem er samtíningur úr öllum böndunum,“ segir Árbæingurinn geðþekki. „Ég held að þetta séu bönd sem físumar blotni vel yfir. Því þetta er heitasta shitið. Skinkurnar verða ekki sviknar. Til að komast í þetta party þarf bara að

þefa upp heitasta spaðann í bænum og þá ertu kominn með miða á þetta djamm. Þetta verður frábært kvöld. Tilvalið fyrir vini og vandamenn að koma saman og eiga góða stund með okkur Tívolí mönnum. Vinir okkar frá Havana Club sponsa okkur aðeins en þeir hafa verið hundtryggir samstarfsfélagar alla tíð,“ segir Þorsteinn að lokum. Húsið opnar klukkan 21:00. Að tónlistaratriðunum loknum munu DJ Danni DeLux og DJ Paranoja sjá um eftirpartyið.

HH

DNA MAÐURINN! DÓRI MÆTIR OG RAPPAR MEÐ HLJÓMSVEIT SINNI, BÆJARINS BESTU.



SIRKUS MÆLIR MEÐ



Sirkus mælir með Green Street Hooligans myndinni, þessi mynd er náttúrulega bara algjör snilld fyrir allt og alla. Myndin kemur manni á óvart, kitlar hláturtaugarnar og þú hugsar á milli atriða hvers vegna er ég að gráta. Mynd sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.



Sirkus RVK mælir að sjálfsgöðu með Kolaportinu. Þar er alltaf nóg að gerast, fullt af fólki og alltaf einhverjir gullmolar sem hægt er að kaupa á kjaraprís. Eitt af því sem enginn á að sleppa þegar hann fer á röltið um Kolaportið er að kaupa harðfisk eða eitthvað skrítið kjöt eða fiskmeti. Þegar það er búið má reyna að finna eitthvað sem kostar sama og ekkert og er gulls ígildi. Eftir röltið er öllum skylt að setjast í kaffiteriuna og fá sér kaffi, það sem fylgir þessari heimsókn er að þú getur hlustað á snillingana sem sitja þarna og koma með hvern gullmolan á fætur öðru.



Sirkus RVK vill að landinn taki sig saman í andlitinu og verði eilítið menningarlegur um helgina. Núna um helgina eru margar sýningar sem eru að opna með pompi og pragt og því er um að gera að láta ekkert stoppa sig. Gerið ykkur ferð, skoðið, hittið fólk, rökraðið og njótið þeirra listar sem fólkið í landinu hefur upp á að bjóða. Eins og fram hefur komið í blaðinu er til að mynda sýningin Mini Me að opna í Galleri Gyllinhæð sem er afar áhugaverð.



Sirkus mælir með Hydroxy cut töflunum. Þetta eru brennslutöflur sem fá þig til að brenna hraðar og gera þig orkumeiri. Það sem er hvað mikilvægast við þessar töflur er að þær eru löglegar og viðurkenndar. Snilldin í ræktinni.

SIRKUSÁVARPIÐ

ÍSLENSKT AFL AF BESTU GERÐ

Benedikt Magnússon er forsiðuandlit Sirkuss. Það er ekki annað hægt en að dást að Benedikt sem kom heim frá Bandaríkjunum 17 ára gamall og líkaði ekki formið sem hann var í. Hann ákvað því að byrja að rífa í lóðin og í dag er hann af mörgum talinn sterkasti maður heims. Mér líkar ekki formið sem ég er í og er því byrjaður að rífa í lóðin - eins og Benni. Ég efast reyndar stórlega um að ég muni nokkurn tímann setja heimsmet í lyftingum en ég reyni. Benni er góð fyrirmynd og gaman fyrir þjóðina að sjá að kókópöffs kynslóðin hefur alið af sér annað en veikburða tölvunörda sem nenna ekki að henda sér á hlaupabrettið og taka á hráu járn. Ég var ekkert skárri en þessir heimasitjandi amlóðar en þökk sé mönnum á borð við Benni, Gillzenegger og Arnar Grant hef ég breytt um lífsstíl. Komidið með í ferðalag þar sem allir verða massaðir og flottir á leiðarenda.

Sólmundur Hólm



SIRKUS

365

Auglýsingastjóri: Jóhannes Már Sigurðarson
Kynningarstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson
Sölustjóri: Einar Björgvin Daviðsson, sirkusauglysingar@365.is
Ritstjóri: Sólmundur Hólm
Ritstjórn: Hjörvar Hafliðason og Sigríður Ella Jónsdóttir.
Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



Forsíðumyndina tók Helga Helgadóttir af Benedikt Magnússyni kraftlyftingamanni.

4 – Kia tekin í bakaríði

6-8 – Stjörnur framtíðarinnar í Músiktilraunum 2006

9 – Er vinur þinn hreinn sveinn?

10 – Svarti maðurinn er guð - Hvíti maðurinn er djöfull

12 – Magni í Á móti sól opnar dymur


14 – Spurningakeppni rauðhærða fólksins

16-17 – Benni tarfur er sterkasti maður í heimi

18 – Pravda Prinsessan

29-30 – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanalífið í Reykjavík

31 – Gillzenegger kennir þér að gera apríl-gabb



2

deus

www.destiny.is
www.deus.be

& Mammút

hrörkygur
XFM



Fimmtudaginn 6. apríl á NASA við Austurvöll
Miðasala í verslunum Skifunnar og á Midi.is.
Miðaverð 2.500 kr (+ 200 kr-miðagjald)

SVARTA KORTIÐ
VISA

20% afsláttur fyrir
handhafa Svarta korts VISA

YFIRHEYRSLAN

MICK JAGGER ER SVO SEXÍ

KRISTÍN LEA, KÍA, FÓR Á KOSTUM Í ÁSTARFLEYINU Í HAUST. MINNA HEFUR FARIÐ FYRIR ÞESSARI 24 ÁRA BLÓMARÓS SÍÐAN. ÞESSA DAGANA EINBEITIR HÚN SÉR AÐ NÁMI Á FJÖLBRAUT Í ÁRMÚLA. SIRKUS RVK HAFÐI SAMBAND VIÐ STELPUNA OG YFIRHEYRÐI HANA.

ROLLING STONES EÐA BÍTLARNIR?

Ég verð að segja Rolling Stones. Mick Jagger er svo sexí.

HVAÐ MYNDIRÐU KALLA ÞIG EF ÞÚ VÆRIR KLÁM-MYNDALEIKKONA Í HOLLYWOOD?

Vá, ég get ekki svarað þessu.

ÁTTU EFTIR AÐ SAKNA HERSINS?

Nei, alls ekki. Flest sem kemur Bandaríkjunum er vont. Bush er auli.

HVAÐA LEIKARI EÐA LEIKKONA FER MEST Í TAUGARNAR Á ÞÉR?

Liz Hurley.

SÆTAN OG FEITAN EÐA LJÓTAN OG MJÓAN?

Hvorugt bara.

HEFURÐU ÁHYGGJUR AF VERÐBÓLGUNNI?

Ég hugsá ekki mikið um það augnablikinu

LESTU FYRIR MIG SÍÐASTA SMS-ÍD SEM ÞÚ FÉKKST OG FRÁ HVERJUM ER ÞAÐ?

„How are you, looking sexy?“ Það var vinur minn sem sendi þetta.

VERSTA TÍSKUSLYS?

Buffalo-skórnir. Þeir eru farnir niður í geymslu.

FRÆGASTA MANNESKJA SEM ÞÚ HEFUR SÉÐ?

Æi, það var ungi maðurinn í CSI. Sá sem er alltaf við tölvuna. Hann er víst eitthvað voða frægur. Ég man bara ekkert hvað hann heitir.

HORFA Á VÍDEO EÐA DJAMMA?

Djamma.

SKIPTIR STÆRÐ MÁLI?

Það fer eftir því hvað er verið að tala um.

UPPÁHALDS EUROVISION-LAGIÐ ÞITT?

Lagið hennar Silvíu.

HVAR VARST ÞÚ 11. SEPTEMBER 2001?

Ég var að tala um að kaupa ferð til New York í

Snælands vídeó við vin minn þegar þetta átti sér stað.

FER Í TAUGARNAR Á ÞÉR AÐ VINKONA ÞÍN EIGI SÆTARI KÆRASTA EN ÞÚ?

Nei, það gerir það ekki.

HVER ER FRÆGASTI MAÐUR SEM HEFUR REYNT VIÐ ÞIG?

Enginn frægur hefur reynt við mig.

HVAÐA MANNI Í MANNKYNS-SÖGUNNI MYNDIR ÞÚ HELST VILJA SOFA HJÁ?

Malcolm X. Hann var flottur.

BÚDU TIL SPURNINGU FYRIR NÆSTA VIÐMÆLANDA!

Er Kía sexí?

SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Sirkus mælir ekki með efnishyggju. Það er alltaf gott að eiga pening en svo virðist sem Ísland sé að fara á hausinn ef marka má fréttir af fjármálamarkaði. Allt of margir karlmenn eru með einkanúmer á flotta jeppanum sínum og klipptir eins og Solla stírða. Það eru bara ríkir menn sem eiga að geta það. Förum ekki fram úr okkur.



Sirkus mælir ekki með nísku. Þetta kann að hljóma þversagnarkennt – að mæla ekki með efnishyggju en í sömu andrá gagnrýna nísku. Sirkus á þarna að-allega við nísku gagnvart fátækum. Gefum það sem við eigum afgang til hungraðra og eyðnismitaðra Afríkubúa eftir að við höfum lagt inn á öryggisreikning af því að við erum jú að fara á hausinn.



Sirkus mælir ekki með ofáti. Auðvitað er æðislegt að skella sér á næsta skyndi-bitastað og fá sér einn feitan borgara og franskar. Það er hins vegar óhollt og nokkuð sem fólk ætti að gera í algeru hófi. Reynum svo að minnka supersize-mál-tíðirnar því það eru þær sem koma í bak-ið á manni. Nær væri að fá sér boozt og hafráfitness.

„MINI ME“ Í GALLERÍ GYLLINHÆÐ

NEMAR Á ÖÐRU ÁRI LISTAHÁSKÓLANS MEÐ SÝNINGU

„Við erum á öðru ári í myndlist í Listaháskólanum,“ segir Harpa Dögg myndlistarkona sem er ein af mörgum sem opna sýningu í Gallerí Gyllinhæð. Sýningin heitir Mini Me og er haldin í kvöld, föstudaginn 31. apríl í Gallerí Gyllinhæð, Laugavegi 21 á 2. hæð. Sýningin verður í tvær helgar, þessa og svo fimmtudag til sunnudags þá næstu. „Titillinn er „Mini Me“ og er ástæðan fyrir titlinum meðal annars vegna þess að við erum soldið mörg og þetta er líttill salur. Þetta er samt opið rými og því getur hver og einn unnið þetta út frá sjálfum sér, sama hvort það er túlkað sem sjálfsmýnd eða ekki. Það eru allir með eitthvert verk sem er í raun túlkun á sjálfsmýnd, en þetta geta verið abstrakt-málverk, ljósmyndir, vídeóverk eða hvað sem er. Sjálfsmýnd er mjög opið form og fólk fer í krók og kima til að túlka fyrirbærið, það er alltaf maður sjálfur sem gerir verkið og því er þetta spor eftir mann sjálfan sem maður skilur eftir,“ segir Harpa Dögg.



KORKA, BIGGI, HARPA DÖGG, FRÍMANN KJERÚLF, HELGA BJÖRG OG INGUNN

Vodafone live!



Hringitónar



Fréttir og Íþróttir



Leikir



Skemmtun

Góða skemmtun

- Vodafone live!

Náðu í svölustu rauntónana hvar og hvenær sem er, með Vodafone live! símanum þínum.

Vodafone live! – endalaus skemmtun í símanum þínum.

Heitustu Hringitónarnir

- » Silvía Nótt
- » Hjálmar
- » Bubbi
- » Ampop
- » Black Eyed Peas
- » Í svörtum fötum
- » Eminem
- » Sálin
- » Beyonce
- » Madonna



Nokia 6110i

og

vodafone

Heyrumst!

BREYTA SJÚKRABÍL Í HLJÓMSVEITARRÚTU



Furtaskyttan kemur frá Reykjavík en var stofnuð í bænum Argos við Kastoria-vatn á Grikklandi síðasta sumar.

Af hverju þetta hljómsveitarnafn? Við fengum hugmyndina út frá raunasögu sem við heyrðum á Landsmóti hestamanna 2001.

Meðlimir? Snorri trommur/bakraddir/ýmis ásláttur, Einar pianó/söngur, Helgi kontrabassi, Sverrir gítar og Halldór gítar/söngur. **Hvaða hljómsveit á skilið að vinna músiktilraunir að ykkur undanskildum?** Tom Tom and the Bumcats væru vel að titlinum komnir.

Hvað ætlið þið að gera ef þið vinnið? Ef við vinnum verður haldið í tónleikaferðalag um Austur-Evrópu, en draumur okkar hefur lengi verið að fá plötusamning í Úkraínu. **En ef þið vinnið ekki?** Ef við vinnum ekki munum við breyta sjúkrabíl í hljómsveitarrútu, keyra hringinn og heilla landsmenn. Svo myndum við reyna fileflidr að ári liðnu.

Einhverjar grúpplur? Já, gríðarstór grúppíuhópur flyktist að eftir síðasta undan kvöldið og við reiknum með áframhaldandi stuðningi þeirra.

Wham eða Duran Duran? George Michael er okkar maður!

Hvað svo...? Svo renna árnar og vindurinn blæs, S-Jón gefur út aðra ljóðabók með titlinum Kötturinn tárast og fyrr en varir verður komið sumar.



GEIR ÓLAFS FLOTTASTUR

Ultra Mega Technobandið Stefán kemur frá Seltjarnarnesi. Bandið var stofnað í gleðskap í Vik í Mýrdal.

Meðlimir? Sigurður Ásgeir hljóðgervill, Arnar Freyr ekki hljóðgervill/(bassi) Arnþór Jóhann hljómborð, Ingvar hljóðgervill og Guðni Dagur slagverk/fruityloops.

Aldur? 15–17 ára.

Eruð þið á lausu? ...Halló!

Grúpplur/aðdáendahópur? Jón Gunnar...

Hljómsveitir? Kraftverk, Daft Punk á Húsavík

Boyband? Aten ... Opening the gates of Hell.

Flottasti tónlistarmaður á landinu? Geiri Ólaf.

Jackson eða Prince? Jackson klárlega því hann er fjölbreyttari

tónlistarmaður – svartur, hvítur karl og kona allt í senn.

Hvað ef þið vinnið? Eurovision.

Hvað ef þið vinnið ekki? Lífið heldur áfram – Eurovision.

Hvaða hljómsveit á músiktilraunum væru þið til í að vera ef þið væruð ekki ykkar? Aten, því þeir eru svo flippaðir.

Hvað svo? Bæ!

STJÖRNUR FRA



LEGGJA BJARKA Í EINELTI

The Foreign Monkeys, fjögurra manna hljómsveit frá Vestmannaeyjum.

Meðlimir? Bjarki Sig. gítar/söngur, Bogi bassi, Gísli Stefans gítar og Viðir á trommur.

Aldur? Aldur? 15–18 ára.

Hvernig er típísk æfing hjá ykkur? Allir að leggja Bjarka greyið í einelti.

Hendrix eða Morrison? Hendrix hjá öllum nema Bjarka, hann mynda drepa fyrir Morrison.

Hvaða hljómsveit er flottust? Tranzlokal og Ultra mega

technobandið Stefán Rökkuró var í miklu upphaldi hjá okkur.

Átrúnaðargóðið ykkar? Þau eru mörg og mismunandi en ólík hjá Bjarka.

Ef þið vinnið? Þá bara, veit ekki, skil ekki, durga durga.

Ef þið vinnið ekki? Þá er bara næsta skref að gera tónlistina betri og flottari en engar tónlistarstefnubreytingar.

Flottasta kona landsins? Inga Lind, Sílvia Nött (Bjarki) Ragnhildur Steinunn og miklu fleiri (íslenskt kvenfólk er fallegast).

TIGNARLEIKI NÚTÍMANS



Modern Day Majesty, Dalvíkingar í húð og hár en búsettir í Reykjavík, flottir og til í tusklið.

Hljómsveitarmeðlimir? Eiríkur gítar/söngur, Raggi bassi/stuff, Steinar trommur/stuff.

Eruð þið á lausu? Steinar laus, Eiríkur fullhlaðinn, Raggi packed.

Af hverju þetta hljómsveitarnafn? Af því að við teljum okkur „representera“ tignarleika nútímans.

Hvað ætlið þið að gera ef þið vinnið? Djamma og spila á fullu.

En ef þið vinnið ekki? Djamma og spila á fullu.

Einhverjar grúpplur? Já, er það ekki?

Wham eða Duran Duran? Duran Duran auðvitað, George Michael, ert'að grínast?

Ef þið yrðuð að velja um stelpuband, hvaða band væri það og hvers vegna? Við myndum taka Spice Girls af því að þær eru hættar.

Flottasti tónlistarmaður á landinu? Danny Pollock, ekki spurning! Tónlistarþróunarmiðstöðin er rosalegt framtak.

Hvað svo? Fullt af tónleikum á næstu misserum, okkur hefur líka lengi langað að gera eitthvað.

Í UPPÁHALDI HJÁ FRÖNSKU STJÓRNARANDSTÖÐUNNI

Le poulet de romance, bræður sem eiga sinn einlægga bróður í anda, þeir eiga það sameiginlegt að þróa útrás fyrir óbælanlegan farveg listarinnar.

Meðlimir? Ingi Vífill söngur/gítar, Guðmundur leikur á rafbassa en Helgi Rey Guðmundsson, sá hinn yngsti meðlima, ber bumbur.



Aldur? Ingi Vífill og Guðmundur eru seytján ára en Helgi Rey þrettán. **Eru þið á lausu?** Veltur á ýmsu. Sérstaklega er þá tekið tillit til útlits spyrjanda. Það skal þá tekið fram að Ingi Vífill stundar ekki fiskimiðin en hinir tveir fiska ákaft.

Eigiði grúppur/abbdáendahóp? Jú, franska stjórnarandstaðan...og allar berar konur! Ömmu finnst við líka flottir.

Hvernig væri ykkar óska-túr? Hljómleikaferðalag að hætti Le poulet de romance væri hnattferðalag, hvar jafnt yrði böskað á götum Parísborgar til þess að æsa almúga Tókíó á milljón manna konsert. Til upphitunar, þó svo þurfi ekki, kæmu til greina sveitir á borð við: Fondling in the name of the Lord, Satanis legion, The GILFs, I want your granny og Slipcock. Síðan má svo sem alveg færa Gillzenegger sem blóðfórn...

Ef þið yrðuð að velja um stelpuband eins og spice girls, hver væri hún og af hverju? Orsakaði þessi spurning mikið ósætti milli meðlima þar sem ekki komst niðurstaða í hvort hljómsveitin skyldi metin að verðleikum tónlistar eða líkamlegra yfirburða. Fóru þrír meðlima grátandi úr því ósætti. Helgi bætti þó við með skaðræðisveini: íBetri helmingur ABBA!í

Flottasta tónlistarkona á landinu? Davíð Smári ídól-stjarna, hann er með svo flott brjóst.


Ef þið vinnið...? Þá leggjum við upp laupana & snúum okkur að kynbótum mannkyns. Jafnvel að við snúum okkur að líkamsrækt eða álíka asnalegu.

Ef þið vinnið ekki...? Þá brynnum við músum.

Jackson eða Prince? Prince er múlti-talent. Svo er hann líka aðalsborinn! Þess vegna Prince.

Britney eða Christina Aguilera? Britney, af því að hún er feit og þarf samúð!

Hvað svo...? C'est la vie.



DRAUMARNIR VERÐA ENN TIL STAÐAR

We made god, allir í kringum 19, flöubogar, delay og hávaða sóló er alls ekki óalgeng hjá þessu bandi sem er frá Hafnarfirði/Kópavogi.

Meðlimir? Maggi söngur/gítar, Arnór – gítar, Stúni bassi, Biggi trommur

Aldur? Allir 19 nema Maggi sem er 20

Eru þið á lausu? Já við erum allir á lausu nema Biggi

Eigiði grúppur/abbdáendahóp? Já við eigum nokkra abbdáendur, aðalega vinir sem styðja okkur, en það er voða lítið um Grúppiur.

Hvernig væri ykkar óska túrinn? Byrjum bara á einhverjum túr. Draumatúrinn væri samt sem lengstur með böndum sem við

berum virðingu fyrir.

Ef þið yrðuð að velja stelpuband eins og Spice girls, hvert væri það? Kítte!.. Nei.. uhhh Girls Aloud? mjög svo líklega.

Flottasti tónlistarkona á landinu? Ú erfið spurning. Margt að velja um. Emiliana Torrini! ... Jóhanna Guðrún og Diddú

Ef þið vinnið...? Halda okkar striki bara, Spila á fleiri tónleikum, klára fyrstu plötunna og láta draumana rætast

Ef þið vinnið ekki...? Halda áfram að reyna að ná sömu takmörkunum, verður erfiðara en draumarnir verða enn til staðar.

Hvað svo...? Hvað Meinaru! Fylgist bara með á www.wemadegod.tk

MÍTÍÐARINNAR

ÚRSLITAKVÖLD MÚSIKTILRAUNA ÁRIÐ 2006 FER FRAM Í KVÖLD Í LOFTKASTALANUM. TÓLF HLJÓMSVEITIR LEIKA TIL ÚRSLITA, HVER ANNARI BETRI. SIRKUS RVK FÉKK ALLA KEPPENDUR ÚRSLITAKVÖLDSINS TIL ÞESS AÐ SVARA NOKKRUM LAUFLÉTTUM OG ASNALEGUM SPURNINGUM.

BATMAN ER BESTUR



Sweet Sins, hafnfirskt band sem segist vera comy og fjallar mjög mikið um ást og tilfinningar.

Meðlimir/hljóðfæri? Aðalheiður Arna gítar/söngur/tilfallandi, Valli bassi, Eyrún gítar/fleira, Steini slagverk og Ívar gítar.

Aldur? Frá 16 upp í 21.

Hvort fliði þið Superman eða Batman og hvers vegna? Batman af því hann rústar Superman. Batman er í fyrsta lagi í öllu svörtu, svo er hann í öllu úr gúmmii og í þriðja lagi er hann ógeðislega sexi. Valli velur samt Superman af því að hinir leggja hann í einelti.

Eigiði þið grúppur/abbdáendahóp? Já, helling alveg 4 eða 5 síðast þegar við töldum. Eva er búin að vera nr. 1 fan síðan þetta byrjaði en svo er Steinar harður á því og hefur verið orðaður sem andlit Sweet Sins og mamma hans Valla.

Ef þið yrðuð að velja um boyband hljómsveit hver væri hún? Iceboys því þeir eru ógó æði, Nýsnc því ég væri til í að geta kynnt mína fyrir Justin, Backstreet boys því sá ljóshærði er svo sætur og New Kids of the Block því Eyrún átti þannig náttkjól.

Flottasta kona landsins? Svo margar, Inga Lind, allar stelpur sem spila á bassa, það er bara eitthvað við það. Pétur Jóhann er kynþokkafyllsti karlmaðurinn, by far. Steini gefur Öllu og Eyrúnu 50/50 af titlinum, Alla nefnir Stefni en Eyrún segir Sif Friðleifs því hún er með góðan rass.

Ef þið vinnið? Partí hjá Steina, SMS til Ívars í London, hvítlauspagettí og leggjast undir feld og hugsa næstamásterpís.

Ef þið vinnið ekki...? Alla og Eyrún mundu poppa og á myndina note book, en Steini muni grenja fyrir framan alla og óska hástöfum í ég vildi hvort sem eer ekkert taka þátt í þessari heimsku keppni og Valli mundi skella sér í party hjá Steina.

Hvað er óska starfð ykkar? Vinna við tónlist nema Eyrún væri líka til í að setja súkkulaði á snúðana í Fjarðabakaríi.

Ef þið væruð stelpuband hvað mynduð þið heita? Daise and the mittens.

Af hverju þetta nafn? Það er skárta en Janie and the Prostitues

MATTI SEGIR GILLZENEGGER...



Who Knew, Reykjavíkurmenn, frá 16 ára til 20 ára og tóku þátt í fyrra undir nafninu Modern Mind.

Meðlimir? Ármann söngur, Balli gítar/söngur, Snorri gítar, Jökull bassi, Pétur trommur og Marteinn hljóðgervill.

Aldur? Hressir guttar á aldrinum 16–20

Hvernig er típsk æfing hjá ykkur? Mætum hálf tíma of seint, nývaknaðir, ógeðslegir, svangir, þreyttir, blautir, Æfum í hálf tíma, hlé, æfum í korter, hlé, fáum samviskubit og æfum í klukkutíma, rífrildi í hálf tíma, ef við náum svo að klambra saman einu lagi og skemmtum okkur í leiðinni, er þetta hin fullkomna æfing?

Hendrix eða Morrison? Rökræður. Bæði betra.

Hvaða hljómsveit er flottust fyrir utan ykkar? Modest Mouse, Arcade Fire, Wolf Parade, Muse, Hendrix, Sigur Rós og Stuðmenn.

Átrúnaðargoðið ykkar? Matti segir Gillzenegger, við hinir segjum Matta að þegja.

Ef þið vinnið? Þá ætlum við að fá okkur hljómsveitarritu og sprejja loga á hliðina. Túra svo um landið og gera það sem við gerum best. Matti ætlar líka að kaupa sér fil.

Ef þið vinnið ekki? Við höldum okkar striki, við ætlum samt að fá okkur hljómsveitarritu og sprejja loga á hliðina, túra svo um landið og gera það sem við gerum best. Matti ætlar samt að kaupa fil.

Framhald á næstu síðu



7

SPILA VEL Í GÓÐU STUÐI



The Ministry of Foreign Affairs, kjallaraverkefni þriggja ungra menntskælinga frá Reykjavík, bjagaðar raddir í takt við bjagaðann gítar og dýnamíska hljóðgervla.

Meðlimir? Albert gítar/bassi/söngur, Oddur trommur og Bergur hljómborð/gítar/söngur.

Aldur? Tveir fæddir '89 og einn '88.

Munið þið eftir einhverju þakkaratriki sem þið hafið gert? Nei, við erum mjög stilltir...

Ef þið væruð önnur hljómsveit en ykkar á Músiktilraunum, hvaða hljómsveit væruð þið til í að vera og hvers vegna? La Pouret de Romance, þeir eru mjög góðir.

Eruð þið hjátrúarfullir, ef svo er, hvernig þá? Alls ekki... það fer bara eftir okkur sjálfum hvað gerist og hvernig okkur gengur.

Gerðu þið eitthvað sérstakt fyrir tónleika, einhver svona seremónía? Já, komum okkur oftast í frekar ferskt og gott skap. Ef við erum í nógu góðu stuði rétt áður en við spilum, þá spilum við vel.

Ef þið vinnið? Ef við vinnum munum við líklegast notfæra okkur allt sem sigurinn gefur okkur, stúdíóið, ferðin til Manchester, fá okkur eitthvað í 12 tónum o.s.frv.

Ef þið vinnið ekki? Ef við vinnum ekki förum við bara aftur heim og höldum áfram að æfa og spila eins og ekkert hafi ískorist.

ELÍN HIRST ER FLOTTASTA KONA LANDSINS

Antík, fjórir Hornfirðingar sem spila melódískt punk rock.

Meðlimir? Ragnar Ægir söngur/gítar, Elías Tjörvi bakrödd/bassi og Hafþór Ímsland trommur.

Aldur? 15 og 16 ára.

Eruð þið á lausu? Erum við á lausu? „Á lausu“ er erfitt hugtak. Haffi og Elli eru mjög lausir í sér en eru samt aldrei á lausu, hins vegar aldrei á föstu heldur. En hann Raggi er harðgiftur. Þrátt fyrir allt þetta erum við giftir hljómsveitinni og erum ekkert að halda framhjá henni með hverjum sem er.

Eigði grúppur/aðdáendahóp? Hornafjörður er okkar aðdáendahópur en helst er hægt að nefna hann Hrafn Eiríksson,

fatafellu.

Hvernig væri ykkar óskatúr? Hringinn í kringum landið með

Lights on the Highway, værum meira en sáttir með það.

Ef þið yrðuð að velja um boyband-hljómsveit, hver væri hún og af hverju? Pink Floyd, þeir eru sko boyband.

Flottasta kona og maður landsins? Hörður Þórhallsson í Modis eða Elín Hirst á Stöð 2.

Ef þið vinnið? Höldum áfram að spila tónlistina okkar og skemmta okkur.

Ef þið vinnið ekki? Höldum áfram að spila tónlistina okkar og skemmtum okkur bara jafnvel betur!



STJÖRNUR FRAMTÍÐARINNAR



SÝKING Í TÁNNI SKILaðI NAFNINU

Própanól, þetta eru Hafnfirðingar og spila sjálfstætt gleðifunkrokk með djazzlegu ívafi.

Af hverju þetta hljómsveitarnafn? Anton gítarleikari var með sýkingu í tanni og notaði sóttþreinsandi efnið própanól til að halda sýkingunni í skefjum. Svo einn daginn vorum við þrír sem stofnuðum hljómsveitina (Anton, Róbert og Sindri) inni í herberginu hans Antons og vorum að kveikja í sokkunum okkar og vantaði eldfimt efni til að þeir loguðu betur. Þá varð Própanól fyrir valinu. Leist okkur svo vel á orðið að við ákváðum að kalla okkur Própanól.

Meðlimir? Anton Örn Árnason gítar, Róbert trompet, Sindri bassi, Sölvi trommur, Thelma Karen söngur/hljómborð og

Viktor Aron gítar.

Hvaða hljómsveit á skilið að vinna Músiktilraunir að ykkur undanskildum? Furstaskyttan, af því að þeir eru hæfileikaríkir á sín hljóðfæri og einnig mjög frumlegir og ólíkir öllum öðrum í keppinni.

Hvað ætlið þið að gera ef þið vinnið? Ef við vinnum munum við taka upp einhver lög í sundlauginni og búa til myndband í sumar. Svo vonandi spilum við á sem flestum stöðum og komumst vel fram á sjónarsviðið.

En ef þið vinnið ekki? Hvað svo sem verður þá tókum við upp einhver lög og gerum myndband í sumar.

Hvað svo? Höldum áfram að skapa okkar tónlist og njóta þess og vona að aðrir njóti þess líka.

ÁSMUNDUR OG FEEL YOU

Tranzlokall, tvö bönd í einum pakka, 14 ára og 15 ára Eyja-peyjar sem spila punk rokk.

Meðlimir? Arnar gítar, Daniel Andri bassi, Guðmundur Óskar gítar/söngur og Sæþór trommur.

Aldur? Guðmundur og Arnar eru 14 ára og Sæþór og Daniel eru 15.

Uppáhaldshljómsveit? Erum með mjög fjölbreyttan tónlistarsmekk, allt frá Head Automatica til Botnleöju.

Uppáhaldslagið ykkar, með ykkur? Uppáhaldslagið okkar

með okkur er Ásmundur og Feel you, það kveikir á okkur.

Kynþokkafyllsti söngvari „ever“? Bjarki litli, söngvarinn í The Foreign Monkeys, sem komust einnig áfram.

Flottasta kona landsins? Silvía Nött án efa!

Hvað hafa Eyjar fram yfir allt annað? Gott rokkeldi, mjög góð aðstaða fyrir hljómsveitir sem mjög margir hafa ekki. Við fáum að æfa í Fiskidjuni og Heimakletti.





ER VINUR ÞINN HREINN SVEINN?

SÚ ATHÖFN ÞEGAR DRENGUR MISSIR SVEINDÓMINN OG VERÐUR AÐ MANNI ER OFTAST HJÁKÁTLEG OG FREMUR MISHEPPNUÐ. ENGU AÐ SÍÐUR GETUR ÞAÐ VERIÐ KVÖL OG PÍNA FYRIR ÞANN SEM EKKI HEFUR GENGIÐ Í GEGNUM ÞETTA AÐ ÞURFA AÐ LIFA VIÐ AÐ VERA HREINN SVEINN. VISST HEÐANA-MYNSTUR Á SÉR OFT Á TÍÐUM STAÐ HJÁ ÞEIM SEM ERU HREINIR SVEINAR FRAM EFTIR ALDRI. SIRKUS BENDIR HÉR LESENDUM Á NOKKRAR VÍSBENDINGAR ÞESS AÐ ÞEIRRA NÁNUSTU ERU HREINIR SVEINAR.



ÚTLITIÐ OG SNYRTI-MENNSKAN

1. Hann er alltaf með óhóflega mikið af rakspíra. Yfirleitt tegundir á borð við Tommy Hilfiger og Diesel.
2. Hann er alltaf með gel í hárinu til þess að styggja ekki kellingarnar með þurra lúkkinu.
3. Hann er alltaf með tyggjó.



TAKTLEYSI Í SÖGUM

1. Hann er alltaf að „neimdroppa“ frægt fólk. „Ég og Sveppi vorum saman á Hverfis um daginn. Þá hringdi hann í Þorvald Davíð og sagðist vera með hlutverk handa honum í Kalla á þakinu. Svo hlógum við eins og vitleysingar, félagarnir.“
2. Þegar hann neyðist til þess að segja sögur af eigin kynlífi þá gerir hann það. En það vill svo einkennilega til að allar stelpurnar sem hann hefur sofið hjá eru utan af landi.
3. Þegar hann kemur frá útlöndum hefur hann alltaf allavega þrjár góðar sögur að segja. Stelpurnar sem hann var með voru að vísu útlenskar, oftast en ekki þýskar eða sænskar.

FÆLNI OG ÖNNUR UNÐARLEG HEÐÐUN

1. Hann fer einn með vinkonum sínum á kaffihús því hann ætlar að gefa einni þeirra blómið sitt. Reyndar getur verið að ástæðan að hann er með stelpuhóp á kaffihúsi sé sú að hann er hommi en þá hefur hann líklegast ekki heldur sofið hjá konu.
2. Alltaf þegar talað er um uppáferðir laumar hann sér í næsta herbergi til þess að fá ekki skipunina „segðu okkur eina góða ríðingasögu“.
3. Þegar félagsfræðinemar koma inn í bekkinn með kynlífskönnun spyr hann: „Má maður skila auðu?“
4. Þegar hann verður heppinn á balli er sem hann ætli að éta stúlkuna, oftast en ekki lendir hann uppi í sófa með höndina í klofinu á þeirri „heppnu“.
5. Hann labbar oft heim af böllum og sést þá sparka í ruslatunnur og ljósastaura á leiðinni. Allt sökum þess að veiðar brugðust.



ASNALEG TILSVÖR

1. Ef hann hefur sést nálægt stelpu og er svo inntrur eftir því hvað hefur gerst um kvöldið svarar hann með Robert De Niro-hreim: „That's for me to know and you to find out“. Þarna er hann að umorða að ekkert hafi gerst í raun og veru.
2. Þegar hann er spurður hvað hann hefur sofið hjá mörgum konum segir hann annaðhvort „óteljandi“ eða „veistu, ég hef bara ekki tölu á þeim“. Það er erfitt að telja það sem ekkert er.
3. Hann segir reglulega að hann vilji ekki ríða hverju sem er.



ÓEÐLILEGAR VÆNTINGAR

1. Hann leitar á vinnustað þar sem margar stelpur vinna í von um að hlutirnir breytist. Til dæmis kvikmyndahús, KFC og stundum gerast hreinir sveinar glasabörn á skemmtistöðum.
2. Hann er alltaf á rúntinum að tala um kellingar. Þar sem hann rennir niður Laugaveginum lætur hann setningar fjúka á borð við: „Djöfull verður sumarið geðveikt“ og „sumarið er tíminn“.
3. Hann er ennþá með HIV-smokkinn á sér sem hann fékk í niunda bekk. Smokkabréfið er orðið krumpað og ógeðslegt eftir langa veru í vösum. Hann heldur þó enn í vonina um að nota útrunna smokkinn áður en langt um líður.

SVARTI MAÐURINN ER GUÐ HVÍTI MAÐURINN ER DJÖFULL

ÚTLAGINN



AUDUR SÆTASTA

HVAÐ HEITIRÐU?
Audur Karitas Ásgeirsdóttir.

HVAR ERTU?
New York, New York.

AF HVERJU?
Ég er í New York því ég er í framhaldsnámi hér. Ég valdi borgina því ég þekkti hana ágætlega, elska hana mjög og bjó hér sem barn.

HEIMILISADSTÆÐUR?
Ég bý í stúdíóíbúð á stærð við skókassa í göngufjarlægð frá skólanum mínum. Sem betur fer eru engir kakkalakkar eða mys sem deila íbúðinni með mér enn sem komið er.

DAGUR Í LÍFI ÞÍNU?
Sumir dagar eru framtaksmíni en aðrir. Þá sef ég of lengi og hangi á tímapjófum msn og spjalla við yndislegu vini mína heima á Íslandi. Góður dagur er þegar ég vakna snemma, fer í ræktina, vesenast og læri fyrir skólann, labba nýja leið í skólann, borða góðan mat eftir tíma og fer á tónleika eða á bíó.

KOSTIR ÞESS AÐ BÚA Í NEW YORK?
Hér er hægt að finna allt og kostirnir eru endalausir. Klisjan að New York sé borgin sem aldrei sefur er sönn og það getur verið mjög hentugt. Hægt er að panta mat heim frá öllum heimshornum hvenær sól- arhringsins sem er, reykingar bannaðar á skemmti- stöðum og já, ég get haldið áfram endalaust.

ÓKOSTIR ÞESS AÐ BÚA Í NEW YORK?
Þrátt fyrir að New York sé frábær og frábrugðin flestum öðrum bandarískum borgum er hún engu að síður í Bandaríkjunum og því miður er ansi margt rotið í henni Ameríku. Svo er ég búin að fá nóg af þessu veseni á krónunni takk fyrir, veik – sterk; ákveddu þig!!

HVERS SAKNARÐU AÐ HEIMAN?
Fylltra lakkrísreima, kókosbolla, dracula brjóstsykurs, Eldsmíðjunnar, bragðarefs, íslenskra sjónvarpsfrétta, náttúrunnar og lyktarinnar af Íslandi en aðallega fjöl- skyldunnar og vína.

UPPÁHALDSSTAÐUR Í NEW YORK?
Margir og listinn er ekki tæmandi. Mercer-hótelíð, Magnolia Bakery, Cipriani Downtown í sunnudags- brunch, og síðast en ekki síst Film Center Café á 9. breiðgötu þar sem fylgir, með hverjum keyptum brunch um helgar, ótakmarkað magn af kampavíni, mimosa, screwdriver eða bloody mary!

ÍSLENDINGAR ERU...?
bestir í heimi.

NEW YORK-BÚAR ERU...?
Skapvondir og stundum frekar ferkantaðir.

EIN MANNESKJA SEM ÞÚ ÞIÐUR AÐ HEILSA:
Dorrit.

TRÚBADORINN HELGI VALUR ÁS-GEIRSSON HEFUR OPNAÐ MYSPACE- SÍÐU Á NETINU UNDIR YFIRSKRIFT- INNI BLACK MAN IS GOD, THE WHITE MAN IS DEVIL. Á SÍÐUNNI MÁ FINNA LÖG EFTIR ÞELDÖKKA LISTAMENN SEM HELGI HEFUR SETT Í NÝJAN BÚNING. EINNIG ER HÆGT AÐ TENGJA HELGA VAL VIÐ BARÐA Í BANG GANG. HELGI VILDI EKKI TJÁ SIG UM MÁLIÐ VIÐ SIRKUS.

„Þetta er milli mín og svarta mannsins,“ var það eina sem Helgi Valur Ásgeirsson lét hafa eftir sér þegar blaðamaður Sirkuss hafði samband við hann fyrir í vikunni. Hann bætti við að hann vildi einungis tjá sig við fjölmiðlamenn af afrískum uppruna áður en hann lagði svo á. Helgi Valur gaf í fyrrasumar út plötuna Demise of Faith en áður hafði hann sigrað í trú- badorakeppni Rásar 2.

HYLLIR SVARTA MANNINN

Helgi Valur heldur úti heimasíðu sem hefur slóðina myspace.com/blackmanis- godthewhitemanisdevil. Á íslensku er yfirskrift síðunnar „Svarti maðurinn er guð, hvíti maðurinn er djöfull“. Á þessari síðu má finna lög sem trú- badorinn Helgi Valur hefur sett í nýjan búning. Allt eru þetta lög eftir þeldökka listamenn og má þar á meðal nefna lagið Gin and Juice sem rapparinn Snoop Dogg gerði frægt á síðasta ári. Á sömu síðu hefur Helgi uppi háðsglósur um listamanninn James Blunt og segir: „James is the worst kind of Blunt“.

SÍÐASTI KAFLI RAPPSÖGUNNAR

Á þessari heimasíðu má einnig lesa um Helga Val sjálfan þar sem hann segist vera síð- asti kafla rapp sögunnar. „Margir héldu að þetta væri hvítur drengur að stela tónlist svarta mannsins. Það rétt að mörgu leyti en hinsvegar er þetta eina tónlistarstefnan sem hann gat tengst,“ stendur á síðunni. Þar er því bætt við að Helgi sé með Tupac tattoo og gat í nefinu. Hann biður fólk um að biða rólegt því von sé á meistaverki frá sér þar sem hann ritar lokaorð rapp sögunnar.

BARA SVARTIR VINIR

Á myspace tíðkast það að fólk eignast vini. Þeim er hægt að raða upp eftir mikilvægi og



MYSPACE SÍÐA HELGA VALS.



MEISTARI TUPAC VAR Í MIKLU UPPÁHALDI HJÁ HELGA VAL.

sjást átta efstu á forsíðu heimasíðunnar. Sjö af átta vinum Helga eru þeldökkir en einn þeirra er hvítur – hann sjálfur. Það ætti ekki að koma nokkrum manni á óvart sem skilur titil síðunnar.

FYRIRTÆKI BARÐA GEFUR ÚT

Á þessari heimasíðu er einnig hægt að sjá hver gefur út tónlist Helga Vals en það mun vera Bang ehf. Það fyrirtæki á Barði Jóhannsson í Bang Gang og gaf út síðustu plötu sveitarinnar hjá því fyrirtæki. Velta menn því fyrir sér hvort Barði kemur til með að hafa hönd í bagga þegar kemur að framleiðslu disksins. Það er ein af þeim fjölmörgu spurningum sem er ósvarað um þetta verkefni Helga til heiðurs svarta mannum.

SHS



HELGI VALUR HELDUR ÚTI HEIMASÍÐU SEM BER YFIRSKRIFTINA BLACK MAN IS GOD, THE WHITE MAN IS DEVIL



ÚTGÁFUFYRIRTÆKI BARÐA Í BANG GANG GEFUR HELGA VAL ÚT SAMKVÆMT HEIMASÍÐUNNI.

Arthúr



EYMD



Mitt kort með þinni Idolstjörnu

Nú geturðu fengið Idolstjörnuna þína á Mitt kort.
Allar myndirnar eru á landsbanki.is



Landsbankinn

410 4000 | landsbanki.is

HVERNIG? TÝPA Á HEIMA HÉR

SIRKUS RVK KÍKIR Í HEIMSÓKN

SIRKUS RVK ELSKAR AÐ FÁ AÐ KÍKJA INN TIL FÓLKSINS Í LANDINU, ÞAÐ ER FORVITNILEGT OG SPENNANDI AÐ SJÁ HVAD ÁLITSGJAFINN GETUR. AÐ ÞESSU SINNI FENGUM VIÐ AÐ LÍTA INN TIL MAGNA Í Á MÓTI SÓL OG FJÖLSKYLDU. HÚN JÓNA OTTESEN Í GYLLTA KETTINUM ER ÁLITSGJAFINN AÐ ÞESSU SINNI OG HAFÐI HÚN GAMAN AF AÐ GETA SÉR TIL UM HEIMILISFÓLKID Í SKERJAFIRÐI.



MAGNI MEÐ GUTTAN
Á HEIMILINU

„Við erum búin að búa hérna í svona hálf tveim árum“ segir Magni söngvari í Á móti sól. „Við erum búin að búa hér síðan litli fæddist, það var verið að græja íbúðina á meðan hann var að búa sig undir að koma í heiminn. Þetta er alveg æðislegt, akkúrat það sem við vildum, þínu lítill björt íbúð í Skerjafirðinum. Þetta er eins og að búa upp í sveit, það er bara ein leið inn í Skerjafirðinn svo það er hægt að setja hlið til að halda utanáðkomandi í burtu“ segir Magni og hlær. „Þetta er svo einangrað og algjör paradís á sumrin, maður verður ekkert var við flugvöllinn. Við ætluðum að hafa þetta aðeins meira minimalískt en síðast, við gerðum allt sjálf, rifum allt út og gerðum allt saman á svona 10 dögum. Það er dugnaður í sveitinni, vinir og vandamenn að hjálpa til og tengdamamma að flísaleggja“ segir Magni sem á góða að. „Við vildum hafa þetta afslappað, hvitt og ekki mikið af dóti en það þýðir ekkert að ákveða að hafa litli dóti í kringum sig ef maður á barn. Það er algjört rugl, allsstaðar þar sem hægt er að leggja frá sér eitthvað þar er eitthvað“ segir Magni hress í bragði. Eyrún er frá Egilsstöðum og ég er frá Borgarfirði eystri, við erum eins langt að austan og maður getur verið en við fluttum í Skerjafirðinn fyrir 6 árum, þjuggum þremur húsum neðar“ segir Magni sem hefur í mörgu að snúast. „Við erum ennþá duglegasta hljómsveit á Íslandi og erum að leggja lokahönd á páskaútrif okkar, það verður algjör geðveiki. Svo er núna á laugardaginn Austfirðingaball á Players, það er skemmtileg samkoma, þar verða Sue Ellen og Dúkkulísurnar. Ég er austfirðingur svo að ég fæ að vera með og við klárum þetta, það þekkjast allir og þetta endar alltaf í rugli“ segir Magni sem leggur til að allir kiki á Players um helgina.



ÞETTA SAGDI
JÓNA OTTESEN

ELDHÚS

Fallegt og stílhreint eldhús, kannski aðeins of kalt fyrir minn smekk en ótrúlega grand. Gamán að sjá að það er eldhúsborð og greinilega lagt upp úr kvöldverðarstund með fjölskyldunni. Get alveg ímyndað mér fjölskylduna sitja saman að spjalla um daginn og borða góðan mat, svo kannski um helgar borða þau inni í stofu fyrir framan sjónvarpið. Liturinn hérna er líka flottur og passar einstaklega vel inn í þetta eldhús. Það er allt saman á sínum stað og vel skipulagt, ég er að visu ekki mikið hrifin af flísun þar sem gólfid er alltaf svolítið kalt. En ef að það er hiti í flísunum þá er þetta algjör draumur í dós.



STOFA

Þetta er lítil en rosalega vel skipulögð íbúð, hér nýta þau plássid sem stofu og borðstofu sem er alveg upplagt. Það er líka bjart hér sem er æðislegt og mér sýnist þau vera á jarðhæð. Ef svo er þá væri upplagt fyrir þau að hafa opið út í garð til að geta grillað og leyft krökkunum að leika sér í garðinum á sumrin. Það væri draumur... ekki satt? Þau eru greinilega stílhrein og leggja upp úr því að hafa frekar minimalískt heldur en of mikið af hlutum, það er ákveðinn stíll á öllu og vel hugsað út í hvernig allt passar saman. En þrátt fyrir að þau vilji hafa stílhreint missa þau sig ekki í vitleysunni því þau hafa myndir af vinum og vandamönnum, blóm og smávægis af skrauti. Fallegt og gamán væri að vera boðið í grillpartý í sumar.



HERBERGI

Ótrúlega fallegt og bjart herbergi þar sem græni liturinn gefur vissa ró og sjarma. Hæfilegt kæruleysi og hlýja, er mest hrifin af því hvað það er bjart hjá þeim, það er bara komið sumar hjá mér núna. Ég mundi segja að hér byggji þar þar sem rúmið er í miðjunni svo allir komist þægilega upp í á kvöldin. Þau eru kannski í sinni annarri íbúð þar sem þau hafa þurft að stækka við sig þegar litli kríli kom í heiminn. Eða kannski tvö, ekki alveg viss en það eru tvö barnarúm, eitt fyrir það eldra og svo sætt bastrúm eða hvað? er ekki alveg viss...



HVER BÝR ÞARNA?

Það er bókað mál að hér býr barn eða börn, var ekki alveg með það á hreinu. Með barninu eða börnunum búa foreldrarinn eða allavega þar... maður veit aldrei í dag svo ég segi bara þar með barn eða börn. Mér finnst litirnir í svefnherberginu og eldhúsinu fallegir og skemmtilegt þegar fólk kryddar aðeins upp á herbergin með litum... Þau hafa ekki misst sig en litirnir gera mikið. Þau leggja áherslu á að hafa fallegt og stílhreint og búa í mjög bjartri íbúð sem er alveg æðislegt. Hvar þau búa er ég ekki viss um en kannski miðsvæðis eða í Vesturbænum eða kannski bara í Garðabæ. Úfff get ekki alveg sagt hvar...

STJÖRNUVEISLA



KOMIN ÚT



KOMIN ÚT



KOMIN ÚT



KOMIN ÚT



KOMIN ÚT

100% ÖRYGGI
EF HÚN ER EKKI
INNÍ ÞÁ FERÐU
HANA FRÍA



KOMIN ÚT




KOMIN ÚT



KOMIN ÚT



KOMIN ÚT



KOMIN ÚT



KOMIN ÚT



KOMIN ÚT



KOMIN ÚT



KOMIN ÚT



KOMIN ÚT

100% ÖRYGGI
EF HÚN ER EKKI
INNÍ ÞÁ FERÐU
HANA FRÍA



VIDEOHÖLLIN
Á þínu bandi

BÓNUSVÍDEÓ

Leigan í þínu hverfi



SPURNINGAKEPPNI RAUÐHÆRÐRA

SKARI TNT VS. ODDUR BOXER

ÞAÐ ER KOMIÐ AÐ UNÐANÚRSLITUM Í SPURNINGAKEPPNI RAUÐHÆRÐRA. Í FYRRI VIÐUREIGNinni MÆTTUST ÞEIR ÓSKAR BERGUR HLÖÐVERSSON, EÐA **SKARI TNT**, OG ODDUR EYSTEINN FRÍÐRIKSSON, EÐA **ODDUR BOXER**. SKARI TNT ER EINI RAUÐHÆRÐI MEÐLIMUR KALLANNA.IS EN ODDUR BOXER ER UPPISTANDARI OG NÚ ER SPURNIG HVORT GRÍNARINN EÐA KALLINN HEFUR BETUR.



1. HVER ER AÐALLITUR FERRARI FORMÚLULÍBSINS?

Skari TNT: Rauður.
Oddur: Rauður.



2. Í HVADA ÍÞRÓTT KEPTTI VILHJÁLMUR EINARSSON, FAÐIR SIGMARS OG EINARS VILHJÁLMSSONA, ÞEGAR HANN HLAUT SILFURVERÐLAUN Á ÓLYMPIULEIKUNUM Í MELBOURNE ÁRIÐ 1956?

Skari TNT: Langstökki.
Oddur: Hlaupi.

SVÖR:
1. Rauður 2. Þrístökki 3. Honolulu 4. Ásgeir Kolbeinson 5. Ómar Ragnarsson 6. Reading 7. Dr. Gunni 8. Hestamaður 9. Jón Gunnar Kristinsson 10. Vestmannaeyjum.

3. Í HVADA BORG ER NICOLE KIDMAN FÆDD? A) LONDON, B) SYDNEY, C) HONOLULU, D) BUCKLEY.

Skari TNT: Sydney.
Oddur: Sydney.

4. HVADA GEBÐEKKI SJÓNVARPS- OG FYRRVERANDI ÚTVARPSMAÐUR ER STUNDUM KALLAÐUR RAUÐI TURNINN?

Skari TNT: Geiri Kolb.
Oddur: Ásgeir Kolbeins.

5. HVER SAMDI TEXTANN VIÐ LAGIÐ SVEITABALL?

Skari TNT: Ómar Ragnarsson.
Oddur: Ómar Ragnarsson.

6. MED HVADA LÍÐI LEIKUR BRYNJAR BJÖRN GUNNARSSON KNATTSPYRNUMAÐUR?

Skari TNT: Reading.
Oddur: Pass.

7. HVER GAF ÚT BARNAPLÖTUNA ABABABB?

Skari TNT: Dr. Gunni.
Oddur: Dr. Gunni.

8. SIGURBJÖRN BÁRDARSON ER... A) GÍTARLEIKARI, B) MÓTORHJÓLAKAPPI, C) HESTAMAÐUR EÐA D) LEIKARI.

Skari TNT: Hestamaður.
Oddur: Hestamaður.

9. HVAD HEITIR JÓN GNARR?

Skari TNT: Jón Gunnar Kristinsson.
Oddur: Jón Gunnar Kristinsson.

10. HVADAN ER LÚÐVÍK BERGVINSSON ALÞINGISMAÐUR?

Skari TNT: Að vestan?
Oddur: Ísafirði.



Það var Skari TNT sem sigraði með sjö stigum gegn sex. Skari er þar með kominn í úrslit og mætir þar annað hvort Dr. Gunna eða Baldri Sigurðssyni, unglíngalandsliðsmanni í knattspyrnu. Sirkus RVK þakkar Oddi Boxer þáttökuna.



EVA MARÍA! GLÆSILEG MEÐ GLATAD TALHÓLF.

TALHÓLF FREGA FÓLKSINS...

TALHÓLF EVU

Eva María Jónsdóttir fjölmiðlakona er með örstutt talhólf, sem er svohljóðandi.

TALHÓLF EVU

Einkar metnaðarlaus og lélegt talhólf hjá jafn glæsilegri konu og Evu Maríu. Hreint út sagt ömurlegt talhólf. Tónninn í rödd Evu Maríu er áhugalaus. Þá hefði maður haldið að hún væri kurteis. Það þykir við hæfi að biðja þann sem hringir að leggja vinsamlegast inn skilaboð en því miður sér Eva María sér ekki fært að sýna lágmarkskurteis í talhólfi og segir einfaldlega „talhólf Evu.“

Eins og áður segir er þetta ömurlegt talhólf sem á hauskúpu skilið.

☆☆☆☆☆



KATIE MELUA Í HÖLLINI Í KVÖLD

LÖNGU UPPSELT

Söngkonan Katie Melua lýkur tónleikaför sinni um Evrópu í kvöld í Laugardalshöllinni. Löngu uppselt er á tónleikana en auk hennar mun Ragnheiður Gröndal koma fram. Húsið opnar klukkan 19.

Ljóst er að aðdáendur söngkonunnar eru orðnir afar spenntir en fyrir þá sem ekki þekkja Katie Melua þá hefur hún sungið fjölda vinsælla laga eins og Closest Thing to Crazy, Nine Million Bicycles sem hljóma ótt og títt á Létt-Bylgjunni og víðar.

HEIMASÍÐA VIKUNNAR

MICHAEL BOLTON Á AÐDÁENDUR

Heimasíða vikunnar er merkileg fyrir þær sakir að hún skuli vera til. Þetta er heimasíða aðdáenda Michaels Bolton og eru milljónir þeirra skráðir í þennan klúbb. Þykir það merkilegt í ljósi þeirrar tónlistar sem hinn rámi og síðhærði Bolton flytur en hún þykir að margra mati ekki upp á marga fiska. Flestir eru hfrnari af Michael Bolton úr Office Space en hann er svo ólánsamur að bera sama nafn og söngvarinn.



MICHAEL BOLTON Á MARGA AÐDÁENDUR.



HANN ER VINSÆLL, ÓTRÚLEGT EN SATT.

SIRKUSTVÍFARAR



ÍVAR INGIMARSSON, KNATTSPYRNUMAÐUR HJÁ READING.



WENTWORTH MILLER ÚR PRISON BREAK.

Tvifarar vikunnar að þessu sinni eru annars vegar knattspyrnumaðurinn Ívar Ingimarsson sem leikur með Reading á Englandi og hins vegar er það Wentworth Miller sem fer með hlutverk Michaels Scofield í þáttunum Prison Break á Stöð 2. Þetta eru báðir snjallir menn, Ívar með knöttinn en Scofield við að brjótast út úr fangelsi. Báðir eru þessir strákar líka fjallmyndarlegir ofan á allt annað.

UM ÁSTINA, RÓMANTÍKINA OG ANNAN EINS VIÐBJÓÐ!
ÞÉR MUN STANDA AF HLÁTRI!



11. HVER VINNUR!

VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR FYRIR TVÖ Á DATE MOVIE • DVD MYNDIR
PEPSI • GEISLADISKAR • BOLIR OG MARGT FLEIRA

DATE MOVIE

FRUMSÝND 30. MARS



VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND. KÓPAVOGI. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. 99 KR/SKEYTIÐ.


BENEDIKT MAGNÚSSON ER EINN AF HRAUSTUSTU MÖNNUM VERALDAR. Í LOK SÍÐASTA ÁRS SETTI HANN HEIMSMET Í RÉTTSTÖÐULYFTU ER HANN LYFTI 440 KÍLÓUM. Í BYRJUN ÞESSA MÁNAÐAR SKELTI HANN SÉR TIL OHIO-FYLKIS Í BANDARÍKJUNUM OG TÓK ÞÁTT Í ARNOLD CLASSIC OG VARÐ Í FIMMTA SÆTI, OG ÞAÐ Á ANNARRI LÖPPINI. SIRKUS RVK RÆDDI VIÐ ÞENNA 22 ÁRA HÓGVÆRA OG EINLÆGA JÖTUN UM KRAFTANA, FYRIRMYNDIR OG FRAMTÍÐINA.

ENGIN VIGT

FYRIR BENEDIKT



TARFURINN LYFTIR ÞVÍ SEM OKKUR HIN DREYMIR UM AÐ TAKA ER UPPHITUN FYRIR BENEDIKT.



„EINN FÉLAGI KOM UM DAGINN OG SAGÐIST VERA MEÐ SLAGORÐ FYRIR MIG SEM VAR SVOHLJÓÐANDI, ÞETTA ER ENGIN VIGT FYRIR BENEDIKT.“

ENGIN VIGT...! BENNI RÍFUR UPP HUNDRAD KÍLÓA STEIN MEÐ BROS Á VÖR.

H&N-mynd Sirkus mynd – Heiða

„Í fyrstu þegar ég byrjaði að lyfta var markmiðið að ná fjögur hundruð kílóum í réttstöðunni,“ segir Benedikt Magnússon, Benni Tarfur hlæjandi. Honum hefur tekist það og gott betur. Hann á heimsmetið sem stendur í 440 kílóum en að mati flestra spekulanta í kraftasportum þá er réttstöðulyftan sú grein sem reynir mest á hreinan styrk af öllum kraftagreinum.

ÞYNGDIST AF KANAFÓÐRI

Hvernig verður maður svona sterkur? „Ég hef alltaf sagt að það geti allir orðið sterkir. Sjálfur byrjaði ég ekki að lyfta fyrr en ég var að verða 17 ára. Ég var alltaf stór og þungur sem krakki. Þegar ég var 14 ára var ég orðinn hundruð kíló,“ segir Benedikt sem er Grafarvogsbúi í húð og hár og lék með Fjölni í körfubolta fram á unglingsár.

Ég meiddist á baki í skíðaferðalagi með skólanum og þurfti að hætta í körfuboltanum. Svo eftir grunnskólann fór ég til Bandaríkjanna í nám og fór að éta kanafóður. Þar þyngdist ég alveg ofboðslega og þess vegna byrjaði ég í líkamsrækt. Í fyrstu fór ég til þess að reyna að létta mig en flæktist síðan einhvern veginn inn í lyftingarnar,“ segir Benedikt sem er 180 sm og 155 kíló en er samt minnstur í sinni fjölskyldu. Hann á ekki langt að sækja kraftana, eldri bróðir hans Magnús Höskuldur Magnússon vann eitt sinn keppnina, sterkasti maður Íslands árið 2002.

GÓÐ FYRIRMYND

Eru kraftlyftingamenn góðar fyrirmyndir? „Já ég vil meina það. En auðvitað eru svartir sauðir inn á milli eins og í öllum íþróttum. Ég held að við séum ekkert

„ÉG HELD AÐ VIÐ SÉUM EKKERT VERRI FYRIRMYNDIR EN STRÁKARNIR Í BOLTANUM. ÞAR SNÝST ALLT UM AÐ REYKJA MALBORO SÍGARETTUR, TROÐA Í VÖRINA Á SÉR OG DREKKA CORONA OG CARLSBERG.“

verri fyrirmyndir en strákarinn í boltanum. Þar snýst allt um að reykja Malboro sígarettur, troða í vörina á sér og drekka Corona og Carlsberg.

Sjálfur legg ég mikið upp úr því að gera það sem ég get til að vera góð fyrirmynd,“ segir heimsmethafinn sem notar hvorki áfengi né tóbak.

Heimsmet hans í réttstöðulyftu er ekki gilt heimsmet því sambandið sem hélt mótið er ekki viðurkennt af alþjóða lyftingarsambandinu.

„Ég vissi alveg áður en ég tók þátt í keppninni að metið fengist ekki staðfest. En ég gerði þetta því ég vissi að ef ég myndi ná að bæta heimsmetið í réttstöðulyftu yrði mér boðin þátttaka á Arnold Classic mótið,“ segir hinn 22 ára Benedikt. Arnold Classic er alhliða aflraunakeppni sem er í eigu ríkisstjórans sjálfs, Arnold Schwarzenegger.

VARÐ OFAR EN MARIUS PUDZIANOWSKI

Benedikt fór á kostum á Arnold Classic sem er alhliða aflraunakeppni sem fram fór í byrjun mars og lenti í fimmta sæti. Árangur Benedikts er sérstaklega athyglisverður fyrir þær sakir að hann meiddist mjög illa strax í fyrstu grein er hann missti tvöhundruð kíló á hælinn á sér og keppti það sem eftir lifði keppinnar sárþjáður. Einnig vakti það athygli að Benedikt endaði fyrir ofan Pólverjann Marius Pudzianowski, núverandi sterkasta mann heims. Þá keppni unnu þeir Jón Páll og Magnús Ver báðir fjórum sinnum.

JÁKVÆÐUR

„Arnold Classic opnaði margar dyr fyrir mig. Í þeirri keppni er verðlaunafé og það munar um allt í þeim eignum auk þess sem ég hlaut keppnisrétt á næsta ári og þá ætla ég að gera enn betur,“ segir Benedikt sem æfir mjög mikið og þarf því að treysta á styrki og verðlaunafé. „Það gefur augaleið að það er ekki ókeypis fyrir mig að lifa. Vinur minn hjá BK kjúklingi hefur hjálpað mér mikið með því að styrkja mig. Svo keyri ég leigubíl um helgar og reyni þannig að ná endum saman.“

Áttu þér einhverja fyrirmynd? „Jón Páll heitinn var alltaf fyrirmynd mín sem barn. Hann var alltaf jákvæður og ég hef reynt að temja mér þann sið. Því með jákvæðni er allt hægt.“

Ertu mikill grínari eins og Jón Páll var og ertu kannski kominn með svona slagorð eins og hann átti?

„Það er alltaf stutt í grínið hjá okkur strákunum. Einn félagi kom um daginn og sagðist vera með slagorð fyrir mig sem var svohljóðandi: þetta er engin vigt fyrir Benedikt,“ segir tarfurinn og hlær. „Ég held að ég eigi samt ekki eftir að nota svona slagorð. Læt svona rugl ekki trufla einbeitinguna í þessar tíu sekúndur sem lyftan tekur.“

ÍSLAND AFTUR Á KORTIÐ

Benedikt sem er hógvær maður og frekar feiminn losnar ekki við spurningu um kvennamálín. Benedikt verður hljóðlátur þegar hann er spurður um kvennamálín og vill helst ekki ræða þau enda erfitt fyrir mann eins og hann að vera í sambandi sem er á sifelldu keppnisflakki eins og hann orðar það sjálfur.

Að lokum var rætt um framtíðina. „Ég veit ekki hvað gerist í framtíðinni. Ég gæti þess vegna meiðst á morgun eða eitthvað. Kraftlyftingarnar veita mér ekkert öryggi. En það væri gaman að geta komið Íslandi aftur á kortið í aflraunum. Ég veit ekki hvort ég eigi eftir að vinna keppnina sterkasti maður heims en einhver okkar á eftir að gera það.“

Hjörvar Hafliðason



FRUMSTÆÐAR AÐSTÆÐUR! BENNI TARFUR ÆFIR Í LITLU ÆFINGAHÚSNÆÐI SEM MAGNÚS VER MAGNÚSSON, EINN BESTI AFLRAUNAMAÐUR ALLRA TÍMA, BJÓ TIL FYRIR BENEDIKT OG FÉLAGA.

H&N-mynd Sirkus mynd – Heiða



1

ARNA BÁRA KARLSDÓTTIR

Gælunafn? Arna er svo þægilegt að ég hef ekki þurft gælunafn.

Áhugamáli? Aðallega bílar og öll mótórsport.

Hinn fullkomni maður? Geðveikt sjarmerandi gaur sem er kettlingur sem breytist ljón á kvöldin



2

ADALHEIÐUR ÝR ÓLAFSDÓTTIR

Gælunafn? Heiða.

Ertu á föstu? Nei.

Hinn fullkomni maður? Leitin að hinum fullkomna er leitin endalaus.



3

HELENA SVAVA JÓNSDÓTTIR

Gælunafn? Helena.

Fyrsta ástin? Það er minn núverandi kærasti.

Hinn fullkomni maður? Hann er traustur, myndarlegur, greindur og skemmtilegur.



4

JÓHANNA SANDRA PÁLSDÓTTIR

Gælunafn? Jójó

Fyrsti kossinn? Það man ég ekki.

Hinn fullkomni maður? Hann er ekki til.

VELDU ÞÍNA PRINSESSU

SENDU SMS OG VELDU ÞÍNA PRAVDA PRINSESSU. ÞÚ SENDIR SMS-
IÐ JA „NR“ Á SÍMANÚMERIÐ 1900. EF ÞÚ VILT TIL DÆMIS GEFA
STELPU NR 2 ÞITT ATKVÆÐI SENDIR ÞÚ SMS-SKEYTIÐ JA 2. MEÐ
ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT Í VALINU GETUR ÞÚ UNNIÐ FÖTU AF SMIRNOFF
ICE Á SKEMMTISTADNUM PRAVDA

99KR SMSIÐ

PRAVDA PRINSESSAN

PRAVDA Í SAMSTARFI VIÐ SIRKUS RVK, ICELAND EXPRESS, SÓLBÆÐSSTOFUNA SMART OG SMIRNOFF STENDUR FYRIR KEPNINI **PRAVDA-PRINSESSAN 2006**. KEPPNIN GENGUR ÞANNIG FYRIR SIG AÐ HALDNAR VERÐA **ÁTTA UNDAK-KEPPNIR**, EIN Í HVERJU BLAÐI. SIGURVEGARINN ÚR HVERRI KEPPNI FER SÍÐAN Í LOKAKEPPNI ÞAR SEM AÐALVERÐLAUNIN ERU **FERÐ FYRIR TVO TIL EVRÓPU** Í BOÐI ICELAND EXPRESS.

STELPURNAR Í KEPPNINI ERU VALDAR Á LAUGARDAGSKVÖLDUM Á SKEMMTI-
STADNUM PRAVDA. FJÓRAR ERU MYNDAÐAR Á HVERJU KVÖLDI OG ÞÆR KEPPA SÍÐ-
AN Í NÆSTA TÖLUBLAÐI SIRKUSS. SÚ SEM FER ÁFRAM HVERJU SINNI FÆR AÐ LAUN-
UM **FIMM TÍMA LJÓSAKORT** FRÁ SÓLBÆÐSSTOFUNNI SMART AUK **10 ÞÚS-
UND KRÓNA INNEIGNAR** Á SKEMMTISTADNUM PRAVDA. AUÐVITAÐ FER SVO
HVER SIGURVEGARI Í LOKAKEPPNINA OG GETUR VERIÐ Á LEIÐINI TIL EVRÓPU
ÁSAMT VINI EÐA VINKONU Í BOÐI ICELAND EXPRESS.





-25%

enn meiri

afsláttur

af heilsársdekkjum

-25%

afsláttur

af vinnu við smur

**Ótrúleg
tilboð**

kíktu við og gerðu góð kaup
á jeppadekkjum



Vaxtalausar léttgreiðslur!

BÍLKÓ - **Betri verð!**

bilko.is

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110

Bíll frá kr. **1.950** á dag*



*Verð er án kílómetragjalds.


HASSO

Car-rental Tel:

555 333 0

Hasso - Ísland, Smiðjuvegur 6, rauð gata sími 555 333 0

ALI OG SHARAM
FERSKIR Á ÞVÍ



VINIR MADONNU & ROLLING STONES

PLÖTUSNÚÐARNIR DEEP DISH KOMA HINGAÐ TIL LANDS Á NÆSTU DÖGUM OG HALDA TÓNLEIKA Á NASA 12. APRÍL. HEIÐAR HAUSSON OG GRÉTAR G FLYTJA ÞESSA MEISTARA INN SEM HAFU UNNIÐ MEÐ SKÆRUSTU STJÖRNUM HEIMS.

„Það er mikill markaður fyrir klúbbatónlist á Íslandi,“ segir Heiðar Hauksson, sem ásamt Grétari G í Prumunni flytur inn plötusnúðana í Deep Dish og munu þeir spila hér á landi miðvikudaginn 12. apríl. „Við erum með fyrirtækið Flex Music sem við stofnuðum fyrir ári síðan og höfum verið að flytja inn fullt af heimspektum plötusnúðum,“ segir Heiðar.

VINNA MEÐ MADONNU OG ROLLING STONES

Strákarnir í Deep Dish eru stórir í heimi House og teknó-tónlistar. Saman hafa þeir endurhljóðblandað lög eftir fjölda listamanna á borð við Madonna, Rolling Stones, Depeche Mode, Dido, Janet Jackson og Justin Timberlake. Deep Dish samanstendur af tveimur plötusnúðum sem koma frá Washington DC & Iran og kalla sig Ali & Sharam.

FYLLA NASA

Þeir Heiðar og Grétar hafa haldið klúbbkvöld á Nasa með reglulegu millibili.

Hann segir þau hafa verið vel sótt enda vandi þeir valið á plötusnúðum. „Við höfum verið að fá fimm til átta hundruð manns á þessi kvöld hjá okkur,“ segir Heiðar. Hann segist sjálfur vera mikið fyrir þessa tegund tónlistar en hlustar þó á allt mögulegt. „Grétar matar mann á því nýjasta í þessu,“ segir Heiðar.

HITTI DEEP DISH

Heiðar er mikill aðdáandi þeirra Deep Dish-manna og gerðist meira að segja svo frægur að hitta þá í sumar. „Ég fór á hátíð í London þar sem eru sex 20.000 manna tjöld með ýmsum DJ-um. Þeir voru að spila þar og ég fór með félagi mínum baksviðs og var á sviðinu með þeim meðan þeir voru að spila,“ segir Heiðar. Hann bendir þó á að hann hafi ekki verið í fremstu víglínu með þeim á sviðinu heldur haldið sig bakatil og rætt við þá meðan þeir skiptust á að spila.

BÍLASALI Á DAGINN

Heiðar er þó ekki einungis tónleikahald-



HEIÐAR OG GRÉTAR G LOFA GÓÐU STUDI Á NASA 12. APRÍL

ari heldur starfar hann sem sölumaður hjá B&L á daginn. „Á kvöldin liggur maður svo yfir ímeilum og er að dfla við þessar umboðsskrifstofur þarna úti,“ segir Heiðar ferskur á því. Hann segir að enginn verði svikinn sem mætir á þessa uppákomu á Nasa og bendir á miðasölu sem fram fer í Prumunni við Laugaveg.

SHS

SIRKUS RVK ÓSKAR SÉR

ÞAÐ ER MARGT SEM HUGURINN GIRNIST OG SIRKUS RVK ÓSKAR SÉR OG LÆTUR SIG DREYMA UM 6 FALLEGA HLU TI. ÞESSIR HLU TIR ERU FYRIR KONUR OG KARLA OG HVERN SEM ER.



Í LYF OG HEILSU ER ORIGINS HÚBSLÍPI-MEDFERÐ Á MÖGNUM TILBOÐI, 3.882 KR.



SNÍÐUG GRÆJA Á ENGAN PENING ÚR TIGER Á 400 KR.



ARABIO FINLAND MÚMÍNÁLFALINAN ÚR BÚSÁHÖLDUM Í KRINGLUNNI Á 1.740 KR STYKKIÐ.



SUDOKU-LEIKUR FYRIR ALLA, FÆST Í BT OG ER Á 2.990. KR

SKEMMTILEG STROKLEÐUR SEM LÍKA ER HÆGT AÐ NOTA SEM SKRAUT, FÆST Í ACCESSORIZE Á 129 KR.



N70 SÍMINN FRÁ OG VODAFONE Á 44.900 KR.

MAMMÚT MEÐ ÚTGÁFUTÓNLEIKA OG UPPHITUN

MAMMÚT MEÐ MÖRG JÁRN Í ELDINUM

Mammút kemur sterk inn í páskamánudinn og mun bandið sjá vel um aðdáendur sína sem og tónlistarfólk yfir höfuð. Mánudaginn 3. apríl kemur fyrsta breiðskífa sveitarinnar út hjá Smekkleysu og í tilefni af því mun sveitin halda útgáfutónleika í Iðno 5.apríl kl.21. Fyrir áhugasama er hægt að komast yfir miða í plötubúð Smekkleysu á Laugavegi. Að sérstakri beiðni dEUS mun Mammút sjá um upphitun á tónleikum þeirra í Reykjavík á Nasa fimmtudaginn 6. apríl. Tónleikar dEUS í Reykjavík eru liður í Pocket Revolution tónleikaferð sveitar-



BELGÍSKU TÖFFARARNIR DEUS

innar og var bandið stofnað í Belgíu árið 1991. Þeir eiga ýmsa indí-smelli á borð við Suds and Soda, Little Arithmetics, Serpentine og fleiri. Mammút verður sérlegur gestur í útvarpsþættinum Frank, á X-inu á mánudagskvöldi í tilefni af því að nýja skífan þeirra verður plata vikunnar. Fyrir grúppfúr og grúppgæja bendir Sirkus RVK á að fylgjast vel með tónleikum sveitarinnar Mammút á myspace.com/mammut. Þar er einnig hægt að hlusta á lög með þeim. Fyrir aðdáendur dEUS er hægt að fylgjast með þeim á vefnum deus.be.



MAMMÚT

KING KONG

SMS LEIKUR

**ÞÚ SENDIR SMS SKEYTIÐ
BTC KKS Á NÚMERIÐ 1900
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ KING KONG Á DVD!**

AUKAVINNINGAR ERU:

- KING KONG Á DVD
- PEPSI KIPPUR
- KING KONG TÖLVULEIKUR
- VARNINGUR TENGDUR MYNDINNI
- FULLT AF ÖÐRUM DVD MYNDUM
OG MARGT FLEIRA

**9.
HVER
VINNUR!**



AÐALVINNINGUR

DVD spilarí + King Kong á DVD + King Kong varningur



LENDIR Í BT 30. MARS!





ÁRNI: KLÚTUR TOP SHOP 2.990 KR., BOLUR TOP SHOP 990 KR., GALLABUXUR LEVIS BÚÐIN 10.990 KR., VESTI TOP SHOP OG AXLABÖND GYLTI KÖTTURINN 500 KR.



FREYJA: SAMFESTINGUR SPÚTNIK 5.500 KR., SOKKABUXUR EINKAEIGN OG SKÓR TOP SHOP 3.990 KR.

ALLT ER ÞEGAR ÞRENNT ER

ÞREMNINGARNIR LÉKU SÉR, SÝNDU SIG OG SÖNNUÐU. FÓLK, TÍSKA OG FJÖLBREYTNÍ ER ÞAÐ SEM GEFUR LÍFINU LIT. BLANDIÐ SAMAN OG BÚIÐ TIL YKKAR EIGIN KOKTEIL, FARIÐ ÓTROÐNAR SLÓÐIR OG NJÓTIÐ ÞESS FRELSIS SEM TÍSKAN BÝÐUR UPP Á.



FREYJA: JAKKI SPÚTNIK 5.700 KR., SOKKABUXUR EINKAEIGN, BUXUR TOP SHOP 4.490 KR., HÁLSMEN EINKAEIGN, KORSELETTA TOP SHOP 5.490 KR. OG SKÓR SPÚTNIK 3.500 KR.



ÁSDÍS: BOLUR TOP SHOP 2.490 KR., BOLUR TOP SHOP 2.490 KR., STUTT-BUXUR TOP SHOP 2.990 KR. OG SKÓR SPÚTNIK 3.500 KR.



ÁSDÍS: STUTTBUXUR SPÚTNIK 1.900 KR., JAKKI SPÚTNIK 3.900 KR., KLÚTUR TOP SHOP 1.690 KR. OG SKÓR GYLTI KÖTTURINN 5.800 KR.



ÁSDÍS: SLAUFA GYLTI KÖTTURINN 900 KR., BOLUR SPÚTNIK 2.900 KR., SAMFESTINGUR SPÚTNIK 5.400 KR. OG SKÓR GYLTI KÖTTURINN 5.800 KR.

ÁRNI: GRÆNN BOLUR SPÚTNIK 2.900 KR., TIGER BOLUR SPÚTNIK 2.900 KR., GEGGJABIR SKÓR Í EINKAEIGN, GALLABUXUR LEVIS BÚÐIN 10.990 KR. OG SKÓR GYLTI KÖTTURINN 3.800 KR.



ÁRNI: GALLABUXUR TOP SHOP 4.990 KR., HLÝRABOLUR SPÚTNIK 1.800 KR., AXLABÖND GYLTI KÖTTURINN 500 KR. OG SKÓR SPÚTNIK 3.800 KR.



FREYJA: JAKKI TOP SHOP 4.490 KR., BOLUR SPÚTNIK 2.900 KR., SOKKABUXUR EINKAEIGN, SKÓR SPÚTNIK 3.500 KR. OG STUTTBUXUR SPÚTNIK 1.900 KR.



NEW YORK – SEPTEMBER
BOUDICCA VORIÐ 2006
Á TÍSKUVIKU Í NEW YORK.



KLÆÐASKURÐUR SEM GETUR DREPIÐ

KALT OG VITSMUNALEGT ERU LÝSINGARORÐ SEM OFT ERU NOTUÐ UM BOUDICCA-LÍNUNA. KLÆÐSKURÐURINN ER SVO BEITTUR AÐ HANN GETUR DREPIÐ, LEÐURJAKKAR, NIÐPRÖNGIR KJÓLAR, STÍFIR HERMANNAKRAGAR, HÖFUÐFÖT SEM LÍKJA MÁ VIÐ BLÆJUR OG LÖG AF FLÓKNUM OG SÉRVIÐSKULEGUM RÚMFRÆÐIMYNSTRUM. FATNAÐUR HANS ER Á MÖRKUM JAPANSKRAR TILRAUNASTEFNU OG ÖFUGUGGAHÁTTAR VIKTORÍÚTÍMANS.



KRAGAR, ERMAR OG
ÖNNUR SMÁATRÍÐI VÖKTU
ATHYGLI Á SÝNINGUNNI



HÖNNUÐIRNIR ZOWIE
BROACH AND BRIAN KIRKBY
VÖKTU MIKLA ATHYGLI FYRIR
AUKAHLUTI, GLERAUGUN,
BELTI OG SKÓ.



X-FILES
Í KVÖLD KL. 22.30



SANNLEIKURINN MUN KOMA Í LJÓS

Vinsælustu spennuþættir allra tíma um yfirnátúruleg fyrirbæri eru á Sirkus. Fylgstu með FBI fulltrúunum. Mulder og Scully í X-Files frá byrjun á Sirkus.

FYLGSTU MEÐ!





FIMM Í BLÁA LÓNINU

"CATFIGHT" OG KEPPNI UM FORSÍÐUMYND

HAWAIAN TROPIC-STELPURNAR KEPPA UM AÐ KOMAST Á FORSÍÐU SIRKUSS

Stelpurnar í keppninni Bikínimódel Íslands munu hafa í nógu að snúast í næsta þætti. Fyrsti þátturinn var sýndur á miðvikudagskvöldið og vakti mikið umtal. Stelpurnar fara í ýmsa leiki, keppnir og eru með skemmtilegt uppistand. Í næsta þætti fara þær í myndatöku og keppast um að komast á forsíðu Sirkuss RVK og mun sigurvegarinn prýða forsíðu blaðsins þann 7. apríl. Stelpurnar voru tíu í upphafi en í fyrsta þættinum dattu tvær stelpur út og svona ganga þættirnir. Þær detta út hver á fætur annarri þar til einn sigurvegari stendur uppi sem Bikínimódel Íslands.

Í keppninni um forsíðumynd Sirkuss RVK fóru stelpurnar í stúdíó 365 þar sem myndin var tekin. Ása Ottesen sá um að stíliserar myndatökuna fyrir Sirkus og komu myndirnar vel út. Í þessari myndatöku voru stelpurnar líka klæddar í fót og brugðu þær sér úr Bikíní-karakternum. Bíðið spennit og sjáið hver þær sigur úr býtum og fær að prýða forsíðuna á Sirkus RVK næsta föstudag.



STELPURNAR
STILLA SÉR UPP
FYRIR LJÓSMYNDARANN

MINNSIRKUS.IS ER ÞITT AÐSETUR Á NETINU FURÐUVERUR Á MÍNUM SIRKUS



DAVID HASSELHOFF Á SÍNA AÐDÁENDUR Á MINNSIRKUS.IS

Heimasíðan minnsirkus.is er nú farin vel af stað. Þúsundir manna hafa skráð sig inn í vikunni og virðist sem fólk alls staðar að úr þjóðfélaginu sé komið inn á vefinn. Á mínum sirkus geturðu stofnað þitt eigið svæði og sankað að þér vinum eins og þér sýnist. Strax eru farin að myndast ýmis samfélög inni á

BRÍET SUNNA OG IDOLKRAKKARNIR ERU UNDIR SMÁSJÁNNI Á MINNSIRKUS.IS

síðunni sem eru sum hver ansi athyglisverð. Þar má meðal annars nefna David Hasselhoff-samfélag þar sem aðdáendur kappans láta gamminn geysa. Idolið fær sinn stað á síðunni og aðdáendur keppenda sitja á rökstólum um komandi kvöld. Það verður fróðlegt að fylgjast með þróun síðunnar næstu vikur, mánudgi og ár.



tvær þar

97.7

X-LISTINN

TOPP 20

SÆTI FLYTJANDI LAG

1. Pearl Jam – World Wide Suicide
2. Wulfgang – Machinery
3. Strokes – Heart In A Cage
4. Wulfmother – Dimension
5. Future Future – Code Civil
6. System Of A Down – Lonely Day
7. Jet Black Joe – Full Circle
8. Bullet For My Valentine – All These Things I Hate
9. Dr. Mister & Mr. Handsome – Boogie Woogie Sensation
10. The Raconteurs – Steady As She Goes
11. Ampop – Clown
12. Niífisk – On Display
13. Númer Núll – Smáborgin
14. Avenged Sevenfold – Beast And The Harlot
15. Hoffman – 60 secs Billy
16. Hermigervill – Sleepwork
17. Yeah Yeah Yeah's – Gold Lion
18. Dimma – Big Bad Mama
19. Jeff Who? – Barfly
20. Nine Inch Nails – Every Day Is Exactly The Same

WULFGANG NÁLGAST TOPPSÆTIÐ.

FM 95.7

ISLENSKI LISTINN

TOPP 20

SÆTI FLYTJANDI LAG

1. Mary J. Blidge – One
2. Cascada – Everytime We Touch
3. Eminem / Nate Dogg – Shake That
4. All American Reject – Dirty Little Secret
5. Sílvia Nótt – Til Hamingju Ísland
6. Staind – Right Here
7. Gwen Stefani – Crash
8. Craig David – Unbelievable
9. Pink – Stupid Girl
10. Pussycat Dolls – Beep
11. Lee Ryan – When I Think Of You
12. Kelly Clarkson – Walk Away
13. Click Five – Catch The Wave
14. Mary J. Blidge – Be Without You
15. Jack Johnson – Better Together
16. Nickelback – Savin Me
17. Rihanna – S.O.S.
18. Kelly Clarkson – Gone
19. Beverly Knight – Piece Of My Heart
20. Neyo – So Sick

MARY J ER KOMIN Á TOPPINN.

Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAM SIRKUSS RVK FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

SKEMMTIÐIR

FÖSTUDAGUR 31. MARS

CAFÉ OLIVER

Á þessum vinsæla stað verður það DJ JBK sem heldur uppi stuðinu í kvöld og má enginn missa af eðalstemningu á Olivernum.

HVERFISBARINN

Á Hverfisbarnum er það DJ Kiddi Bigfoot sem sér um að allir séu á gólfinu um helgina en þessi reynslubolti kallar ekki allt ömmu sína í plötusnúðabransanum.

VEGAMÓT

Dansgláðar þiur gleðjast um helgina því á föstudagskvöldið munu Gísli Galdur og Alfons X sjá um tónlistina á Vegamótum. Þessir tveir trylla þiurnar svo um munar og halda uppi stuðinu á Vegó eins og vanalega.



PRAVDA

Háskólakvöld og idolið í gangi. DJ Áki Pain á efri hæð og DJ Bjarki batman á neðri. Flöskuherbergið góða kemur til með að opna klukkan hálf eitt og er hægt að panta borð í síma 893-3600.

GRAND ROKK

Í kvöld verða fjórar vaskar sveitir sem stíga á stökk á Grand Rokk. BENNY CRESPOS GANG / HOFFMAN / THE HOOKER SWING / FOREIGN MONKEYS. Fjörð byrjar klukkan 23 og munið að það er 20 ára aldurstakmark inn á Grand Rokk.

NASA

Hinir einu sönnu Baggalútsmenn troða upp á Nasa föstudaginn 31. mars ásamt góðum gestum, þeim Páli Óskari, Björgvini Halldórs og Valgeiri Guðjóns. Má því búast við rifandi stemningu.



PRIKIÐ

Á Prikinu er það Gísli nokkur Galdur sem heldur uppi fjörinu og verður enginn svikinn af því frekar en venjulega

SÓLON

Á Sólun í kvöld er það Brynjar Már sem sér um að halda stuðinu á lofti fyrir gesti staðarins. Allir velkomnir á Sólun.

HRESSÓ

Hljómsveitin TOUCH spilar á Hressó í kvöld frá tíu til eitt en seinna um kvöldið er DJ Bjarki maðurinn. Það er nú bara ekkert flóknara en það.

KLÚBBURINN

Í kvöld munu hinir stórgóðu trúbadorar Halli og Kalli halda uppi stuði fram á nótt. Nokkuð sem enginn vill missa af.

BAR 11

Gulli úr Ósóma er farinn að þekkja hvern krók og kima á Bar 11 enda hefur hann spilað þar ófáar helgar, þessi elska. Hann sér um að tækla föstudagskvöldið.

DILLON

Á föstudagskvöldið mun DJ Óli Dóri sjá um að þeyta skífum eins og honum einum er lagið.



GAUKURINN

Dauðarokksveitin Dimma sviptir þakinu af Gauknum í kvöld. Geirdælingarnir Silli og Ingó kunna að spila rokk í dýrari kantinum og hika ekki við það hvar og hvenær sem er.

LAUGARDAGUR 1. APRÍL

CAFÉ OLIVER

Á Olivernum í kvöld er það dúettinn myndarlegi Suzy & Elvis sem sjá um stuðið.



HVERFISBARINN

Kiddi Bigfoot veit hvað hann syngur þegar kemur að skífupýtingum. Hann mun allavega láta talsvert að sér kveða á Hverfisbarnum í kvöld eins og svo oft áður.

VEGAMÓT

Það er fagurrauða reginskyttan Hermigervill sem sér um að keyra upp almennilega stemningu á Vegamótum í kvöld. Hann veit hvað hann syngur í þeim efnum þótt hann hafi tapað í spurningakeppni rauðhærðra.

PRAVDA

DJ Maggi G og DJ Áki Pain sjá um sína þetta kvöldið á Pravda og er þeim treystandi fyrir því enda menn með reynslu þar á ferð.

GRAND ROKK

Í kvöld verður teknókvöld sem sjálfur Addi EXOS sér um. Fjörð byrjar klukkan 23 og enn og aftur munið 20 ára aldurs-

takmarkið á Grand Rokk. Ekki vera með fölsuð skilríki.

NASA

Skítamóral spilar fram á rauða nótt á Nasa í kvöld. Gunni, Hebbi, Addi og, síðast en ekki síst, Hanni, sjá um að trylla lýðinn. Það er enginn með meiri innlifun á trommusettnu en Hanni Bach.

PRIKIÐ

Erna og Ellen verða með puttann á púlsinum og plötunum í kvöld eins og ekkert sé sjálfsagðara, enda ekkert sjálfsagðara. Snilld.



SÓLON

Brynjar Már mætir aftur með stuði á Sólun í kvöld og spilar á efri hæð staðarins. Á neðri hæðinni verður það svo hinn geðþekki Ríki G sem heldur uppi tussugóðu fjöri.

HRESSÓ

Dúettinn Ari og Gunni spilar frá 22 til 0. Síðan er það DJ Bjarki sem þeytir skífum eftir það, annað kvöldið í röð og vonandi ekki það síðasta.

DILLON

Það er rokkmamman Andrea Jónsdóttir sem sér um fjörið í kvöld á Dillon og heldur áfram langt fram eftir morgni.

KLÚBBURINN

Á laugardagskvöldið er komið að hinu árlega ístóltballi á Klúbbnum og mun hljómsveitin Smack halda uppi fjöri langt fram eftir nóttu. Allir sannir hestamenn ættu að láta sjá sig þar og lyfta glasi til heiðurs hófadyni.

BAR 11

Palli í Maus mun taka á spilaranum í kvöld. Rokk og ról eins og það gerist best og svo er náttúrulega alltaf frítt inn á Bar 11.

LANDSBYGGÐIN

SJALLINN

Það er stuð í Sjallanum um helgina. Á föstudagskvöldið verður það DJ Lilja sem sér um að halda uppi fjörinu á Dátanum eins og henni einni er lagið. Á laugardagskvöldið er svo komið að Bubba Morthens sem stígur á stökk endurnærður eftir góða ferð til Prag – 700 þúsund krónum ríkari.

KETILSHÚS

Á laugardagskvöldið verða haldnir tónleikar til að mótmæla stóriðjuframkvæmdum á Norðurlandi. Á tónleikunum koma fram valinkunnir andans menn á borð við hinn magnaða Helga sem mætir ásamt sínum hljóðfæraleikurum, Borko, Reykjavík, Þórir og Mr. Silla.



PLAYERS

Híð árlega Austfirðingaball verður haldið á Players á laugardagskvöldið. Austfirðingar láta ekki sitt eftir liggja í tónlistinni og verða með undirtökin á þessu magnaða balli. Á móti sól mætir með Magna fremstan í flokki en hann er frá Borgarfirði eystri, Rokkabillybandið sér um sína, Hálfán úr Veggfóðri og fleiri góðir troða upp.

YELLO

Atli skemmtanalögga verður með allt undir kontról þessa helgina á Yello í Keflavík. Sjálfur spilar hann bæði kvöldin en fær þó aðstoð frá DJ Andra á laugardagskvöldinu.

Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

LISTASÝNINGAR



101 GALLERY
Hulda Hákon EBITA sýnir til 15. apríl.

ARTÓTEK GRÓFARHÚSI
Steinn Helgadóttir myndlistarmaður sýnir ljósmyndir og DVD.

AURUM
Berglind Laxdal, Catch of the day, sýnir til 2. apríl.

GALLERÍ FOLD
Lilja Kristjánsdóttir sýnir málverk í Baksalnum til 2. apríl.

GALLERÍ GYLLINÆÐ
2. árs myndlistanemar við LHÍ sýna til 9 mars.

GALLERÍ HUMAR EDA FRÆÐ
Sýning á vegum Leikminjasafns Íslands um götuleikhópinn Svart og sykurlaust. Ljósmyndir, leikmunir og kvikmyndasýningar.

GALLERÍ SÆVARIS KARLS
Pétur Halldórsson sýnir til 19. apríl.

IB
Tumi Magnússon sýnir ljósmyndir og myndbandsverk út apríl.

KARÓLÍNA RESTURANT
Óli G. með sýninguna Týnda fiðrildið út apríl.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS LAUGANESI
Fyrirlestur með Tom Winster sem er tónlistar og tungumála- maður, hefur unnið sem textahöfundur, söngvari, hljóðfæra- leikari og þýðandi. Á ensku.

LISTASAFN EINARS JÓNSSONAR
Fastasýning.



GERÐUBERG
Tískuhönnun Steinunnar Sigurðardóttur, myndbönd frá tísku- sýningum, ljósmyndir og fleira til 30. apríl.

LISTASAFN ASÍ
Olga Bergmann - Utan garðs og innan. Jón Stefánsson, málverk í eigu safnsins til 2. apríl.

LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
Spencer Tunick - Bersvæði, Halla Gunnarsdóttir - Svefnfarar.

LISTASAFN ÍSLANDS
Gunnlaugur Blöndal - Lífsnautn og ljóðræn ásýnd og Snorri Arinbjarnar - Máttur litarins og spegill tímans.

LISTASAFN REYKJANESBÆJAR
Sýningin Náttúruafl.

LITHÚS ÓFEIGS
Dominique Ambroise - Sjónhorn.

RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR
Sautján félagar í Fókus, félagi áhugahljósmýndara, sýna á ljós- myndasýningunni Fegurð í Fókus í Tjarnarsalnum.

REYKJAVÍKURBORG
Stella Sigurgeirsdóttir sýnir 20 minningarstólpa til 28. ágúst.

SAFN
Kristján Steingrímur Jónsson sýnir nýleg verk sín á jarðhæð- inni. Sýning bandarísku listakonunnar Roni Horn heldur áfram.

SALTFIKSETUR ÍSLANDS
Elísabet Dröfn Ástvaldsdóttir sýnir til 3. apríl.

SKAFTFELL
Sýning á vegum Listaháskóla Íslands og Dieter Roth Akademí- unnar stendur nú yfir í Menningarmiðstöðinni til 29. apríl.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
Sýningin Huldukonur í íslenskri myndlist.

LEIKHÚS

FÖSTUDAGURINN 31. MARS

ÁTTA KONUR
Verkið er „glæpsamlegur gamanleikur“ þar sem átta leikkonur leiða okkur inn í kvennaheim fullan af óvæntum atburðum, ógnum og gríni. Þeim til fulltingis verður hinn þekkti látbragðs- leikari Kristján Ingimarsson, sem kemur sérstaklega frá Dan- mörku til að taka þátt í sýningunni. Áhorfendur mega eiga von á því að leikkonurnar skelli sér í dans og söng þegar minnst var- ir. Átta villtar konur og einn látbragðsleikari fara hamförum á Stóra sviðinu.

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Leikfélag Akureyrar í samstarfi við Íslensku óperuna sýnir í kvöld Litlu hryllingsbúðina eftir Howard Ashman. Hryllings- búðin er sigildur rokksöngleikur fyrir alla fjölskylduna, fullur af hómor og kraftmikilli tónlist. Með hlutverk í sýningunni fara m.a. Jóhannes Haukur Jóhannesson, Andrea Gylfadóttir, Vig- dís Hrefna Pálsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Esther Tálía Casey, Ardís Ólaf Víkingsdóttir og Guðjón Þorsteinn Pálmarsson. Leikstjóri er Magnús Geir Þórð- arson.

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA

INNFLUTNINGSPARTÍ OG PÓKER

„Ég er að fara í innflutning- partí til vinar míns á laugardag- inn,“ segir Ari Tómasson hjá Rjómanum.is „Tveir vinir mínir voru að byrja að leigja saman í 101 og það veit ekki á gott,“ segir Ari og skellir upp úr. „Ætli við höf- um ekki eitthvað gaman og svo leysist partið upp í vitleysu og svo tökum við hringinn. Á föstu- daginn spila ég kannski póker því það er alltaf svo skemmtilegt nema að ég er mjög lélegur en það er mjög gott fyrir alla hina. Á sunnudaginn ætla ég að reyna að bæta upp helgina og ætli ég læri ekki eitthvað þá,“ segir Ari sem einnig nemur verkfræði í Há- skóla Íslands.

Ari Tómasson - Rjóminn.is

MINI ME Í GYLLNHÆÐ, GJÖRNING OG ELDA MEÐ VINKONUNUM

„Ég ætla að byrja á því að fara á samsýn- inguna í Gallerí Gyllin- hæð hjá 2. árs nemum í Listaháskóla Íslands, myndlistardeild,“ segir Eva Ísleifsdóttir mynd- listarnemi. „Hún opnar um fimmeitíð svo ég byrja þetta snemma. Það er svo gjörningur sem ég ætla að fara á beint eftir sem er í Gallerí Dvergur. Gjörningurinn byrjar klukkan 19 og mér var sagt að þetta væri mjög áhugaverður gjörningur, þannig að mig langar að sjá það. Á laugardagskvöldið ætla ég jafnvel að elda með vinkonum mínum, við ætlum að hafa það notalegt. Það er svo þægilegt að elda heima, þar er ró og næði og svo notalegt. Á sunnudaginn ætla ég á opnunina á Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum. Þetta er sýning um H.C. Andersen og hún opnar held ég klukkan 14 og ég mæli með að sem flestir kíki á þessa sýningu. Þetta er svona það eina sem ég veit að stendur til að gera,“ segir Eva Ísleifsdóttir sem er með fullskipaða dagskrá um helgina.

Eva Ísleifsdóttir - The Grissom Gang

AFMÆLI OG AFTUR AFMÆLI

„Um helgina er plan- að afmæli báða dag- ana,“ segir Andri Freyr útvarpsmaður. „Bjössi tost, eins og hann vill að allir kalli sig, á afmæli og við ætlum að halda upp á það. Síðan í leiðinni ætlum við að halda upp á afmælið hans Kristo- fers Lamberts sem lék í Highlander. Hann á sko afmæli sama dag en um helgina á líka Toni minn, eiginlega sonurinn minn, afmæli. Hann á 2ja mánaða afmæli, þetta er sko gullfiskur og verður teitið haldið í heimahúsi. Gústi Pink er veislustjóriinn í afmælisveislunni hans Tona og hann er búinn að plana eitthvað voða húllumhæ, fullt af surprises, en það kemur allavega í ljós,“ segir Andri Freyr sem er að fara í ofgnótt af afmæl- um þessa helgina. Sunnudaginn ætla hann að taka það rólega og kannski bara fara í mat til mömmu sinnar og slaka á.

Andri Freyr Viðarsson - útvarpsmaður.

GRUNNIURINN Á DRYKKJUMENNSKUNNI

WHITE RUSSIAN OG BJÓR

„Vá, ég hef ekki hugmynd, bjór er alltaf málið,“ segir Bjarni Bogason, tónleikahaldari og snjó- brettakappi. „Oftast er það bjór- inn en uppáhaldið er White Russian af því hann er svo góður á bragðið. White Russian er eins og sjeik, rennur ljúft



niður og ég fæ mér hann oftast á barn- um. Ég upp- götvaði hann fyrir svona fjór- um eða fimm árum, Frosti litli kynnti mig fyrir þess- um stórkostlega drykk í partíi

heima hjá sér,“ segir Bjarni Bogason sem fær sér White Russian þegar hann sleppir bjórnum.



BJARNI BOGASON TÓNLEIKAHALD- ARI OG SNJÓ- BRETTAKAPPI

SUPERNATURAL
PRÍÐJUDAGA KL 22:15



BARÁTTAN VIÐ YFIRNÁTTURULEG ILL ÖFL

Yfirnáttúrulegir þættir um bræður sem berjast við allskyns ill öfl í leit að föður sínum.

FYLGSTU MEÐ!





ALVÖRU BÓNUS -3 KR.

**Það er ekkert mál að
lækka bensínverðið**

Bensínfrelsi Orkunnar er fyrirframgreitt eldsneytiskort sem þú sækir um á heimasíðu Orkunnar og færð svo sent án endurgjalds. Þegar greitt er með frelsiskorti lækkar eldsneytisverðið um 3 krónur í hvelli. Einfaldast er að millifæra inn á kortið í heimabanka en aðrar leiðir eru að sjálfsgöðu færar. Nánari upplýsingar um kortið er að finna á www.orkan.is.



ÞAÐ MUNAR UM MINNA



BENSÍNFRELSI SPARAÐU 3 KR. Í HVELLI